
ÁRBÓK SVEITARFÉLAGA 2013

REYKJAVÍK OKTÓBER 2013

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30 – Pósthólf 8100
128 – REYKJAVÍK
www.samband.is

Árbók sveitarfélaga 2013 – 29. árgangur
© Samband íslenskra sveitarfélaga – 2013/23
Umsjón með útgáfu: Gunnlaugur A. Júlíusson – Jóhannes Á. Jóhannesson
Umbrot: Magnús Karel Hannesson – Ingibjörg Hinriksdóttir
Prentun: Prentsmiðjan Oddi hf.
ISSN 1021-822X

Formáli

Árbók sveitarfélaga er nú gefin út í 29. skipti. Prentuð eintök hennar eru afar vinsæl meðal sveitarstjórnarmanna sem og margra annarra sem láta sig sveitarstjórnarmál varða, eins og sala bókarinnar vitnar um. Hún er þægileg til uppflettingar og samanburðarrannsókna enda má lengi finna þar áhugaverða tölfræði úr rekstri og starfsemi sveitarfélaga. Ábókin er síðan sett á rafrænu formi á heimasíðu sambandsins þar sem hún er mikið notuð.

Auk allra rekstrar- og efnahagsstærða sem settar eru fram í árbókinni er þar umfjöllun um þjóðhagslega stöðu sveitarfélaganna og fjárhagslegt umhverfi þeirra. Á handhægan hátt er auðvelt að nálgast upplýsingar um ýmsar hagstærðir á Íslandi sem mikilvægt er að hafa í huga þegar fjallað er um þróun fjármála sveitarfélaga, s.s. atvinnuleysi, hagvöxt, einkaneyslu, samneyslu, mannfjöldapróun, verðlagsbreytingar og gengismál. Í sérstökum kafla um afkomu sveitarfélaganna, rekstur, efnahag og sjóðstreymi þeirra, er þróun þessara fjárhagsstærða greind undanfarið ár sem er afar mikilvægt að lesendur bókarinnar kynni sér til að öðlast betri skilning á grundvelli þeirrar fjárhagsstöðu sem sveitarfélögin búa við um þessar mundir. Að venju er sérstök umfjöllun frá Hagstofu Íslands um fjármál hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, og þau krufin í þjóðhagslegu samhengi. Einnig er umfjöllun um starfsemi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, Lánasjóðs sveitarfélaga ohf., Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga og margt fleira sem örugglega mun vekja áhuga sveitarstjórnarmanna. Það er mikilvægt að hafa allar þessar upplýsingar aðgengilegar á einum stað í árbókinni.

Hag- og upplýsingasvið sambandsins leitast við að gera upplýsingar úr ársreikningum sveitarfélaganna í árbókinni eins samanburðarhæfar milli sveitarfélaga og fært er. Sú breyting sem gerð var á bókhaldsreglum fyrir árið 2010 um að skuldbindingar utan efnahags væru færðar inn í efnahagsreikning sveitarfélaganna, eins og aðrar skuldir, á að hafa leitt til þess að þær eru nú færðar með sambærilegum hætti hjá öllum sveitarfélögum landsins. Sú nýlunda er í árbókinni núna að teknar eru saman fjárhagsupplýsingar úr starfsemi landshlutasamtaka sveitarfélaga. Umfang þeirra hefur aukist undanfarið, enda færast rekstur almennings-samgangna, sóknaráætlana og í sumum tilvikum vegna atvinnuþróunar og þjónustu við fatlað fólk í ársreikninga þeirra flestra. Landhlutasamtökin eru því farin að vegna þungt á sveitarstjórnarstiginu í fjárhagslegu tilliti og til að ná fram sem bestri mynd af umfangi sveitarstjórnarstigsins er nauðsynlegt að hafa þessar upplýsingar aðgengilegar í árbókinni.

Jóhannes Á. Jóhannesson, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði sambandsins, annaðist alla vinnslu talnaefnis úr ársreikningum og uppsetningu á tölum, Gunnlaugur A. Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs, skrifaði þann texta sem ekki er aðsendur og Magnús Karel Hannesson, sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs, annaðist prófarkalestur og uppsetningu bókarinnar. Er þeim hér færðar þakkir fyrir þeirra mikilvæga vinnuframlag við útgáfu Árbókar sveitarfélaga 2013.

Karl Björnsson framkvæmdastjóri.

Efnisyfirlit

Kaflar		Bls.
Kaflí 1	Fjárhagslegt umhverfi sveitarfélaga.....	5
Kaflí 2	Afkoma sveitarfélaga, rekstur, efnahagur og sjóðstreymi.....	19
Kaflí 3	Fjármál sveitarfélaga í þjóðhagslegu samhengi.....	33
Kaflí 4	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	41
Kaflí 5	Ársreikningar sveitarfélaga og álagning skatttekna.....	51
Kaflí 6	Samband íslenskra sveitarfélaga	165
Kaflí 7	Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	167
Kaflí 8	Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	169
Kaflí 9	Landshlutastamtök sveitarfélaga	173
Kaflí 10	Framkvæmdastjórar sveitarfélaga	175
Yfirlitstöflur		
Tafla 5	Samantekt ársreikninga 2012	60
Tafla 6	Rekstraryfirlit sveitarsjóða, landið allt.....	62
Tafla 7	Heildaryfirlit 2006 til 2012	63
Tafla 8	Ársreikningar sveitarfélaga 2012	69
Tafla 9	Skatttekjur sveitarfélaga (kr. á íbúa)	94
Tafla 10	Rekstur málaflokka (kr. á íbúa)	96
Tafla 11	Lykiltölur, hlutfall af tekjum	120
Tafla 12	Lykiltölur úr rekstri (kr. á íbúa)	124
Tafla 13	Lykiltölur úr sjóðstreymi og efnahag (kr. á íbúa)	128
Tafla 14	Álagt útsvar 2013 vegna launa 2012	132
Tafla 15	Álagður fasteignaskattur 2013	134
Tafla 16	Álagningarreglur fasteignagjalda árið 2013 í sveitarfélögum með meira en 1.000 íbúa	136
Tafla 17	Álagningarreglur fasteignagjalda árið 2013 í sveitarfélögum með 300–999 íbúa og minna þéttbýli	137
Tafla 18	Íbúafjöldi í sveitarfélögum 1. janúar 2013	138
Tafla 19	Aldursskipting íbúanna eftir sveitarfélögum	140
Tafla 20	Stöðugildi hjá sveitarfélögum	142
Tafla 21	Upplýsingar um starfsemi grunnskóla árið 2012	144
Tafla 22	Upplýsingar um starfsemi leikskóla árið 2012	153
Tafla 23	Rekstur landshlutasamtaka sveitarfélaga 2012	163
Kort		
Kort 1	Sveitarfélög 1. janúar 2013 og kjördæmaskipan	178

1 FJÁRHAGSLEGT UMHVERFI SVEITARFÉLAGA

Þrátt fyrir að það þyki langur vegur á milli stöðu fjármála hjá einstökum sveitarfélögum á Íslandi og efnahagsmála úti í hinum stóra heimi þá fer ekki hjá því að efnahagsleg staða í okkar helstu viðskiptalöndum hafi áhrif hingað til lands á marga vegu. Staða efnahagsmála, kaupmáttar og atvinnuleysis í helstu viðskiptalöndum okkar hefur áhrif á viðskipti Íslands við þau, bæði hvað varðar magn viðskipta og vöruverð. Þetta tengist síðan allt áfram inn í efnahagsumhverfi landsins og almenna stöðu efnahagsmála. Nú eru rétt fimm ár liðin síðan alþjóðleg fjármálakreppa reið yfir hinn vestræna heim með marghátuðum afleiðingum fyrir fjölmörg lönd. Fjármálakerfið veiktist, atvinnuleysi jókst og viðskipti drógust saman. Ísland fór ekki varhluta af áhrifum kreppunnar – bæði vegna hinna alþjóðlegu áhrifa - en einnig og ekki síður vegna sérstakra aðstæðna hér heima fyrir. Fjármálakerfið hrundi, gengi krónunnar féll, fyrirtæki urðu gjaldþrota í miklum mæli, atvinnuleysi jókst verulega, fólksflutningar úr landi urðu með mesta móti sem hefur þekkt og þannig mætti áfram telja. Áhrif þessa alls urðu gríðarleg fyrir almenning í landinu, fyrirtæki, sveitarfélög og ríkið, ekki síst þar sem þetta ástand skall á beint í kjölfarið á uppblásinni fjármálabólu þar sem flest virtist mögulegt. Í þessu umhverfi hafa sveitarfélögin unnið á liðnum árum. Á margan hátt hefur íslenskt hagkerfi náð vopnum sínum á þokka-legan hátt eftir þetta gríðarlega áfall þar sem ekkert mátti út af bera um tíma svo hægt væri að halda samfélaginu gangandi. Atvinnuleysi hefur minnkað hægt og sígandi en kaupmáttur launa fallið verulega. Erfið viðfangsefni bíða nýrrar ríkisstjórnar á komandi kjörtímabili. Þar má nefna gjaldeyrishöftin og hvernig þau munu þróast. Í því sambandi skiptir miklu máli hvernig unnið verður úr hinni margumræddu „snjóhengju“ og komið í veg fyrir að gríðarlegir fjármunir í eigu erlendra aðila, sem eru fastir héraðendis, verði fluttir mjög hratt úr landi með tilheyrandi gengisfalli krónunnar.

Það liggur þó fyrir að þessar miklu breytingar á ytra rekstrarumhverfi sveitarfélaganna hafa snert þau misjafnlega. Staðan er erfiðust þar sem uppsveiflan var sem mest og fjármálabólan hafði verið þanin til hins ýtrasta. Þar voru skuldir víða miklar og niðursveiflan í atvinnulífinu mest. Á hinn bóginn hafði uppsveiflan ekki náð til margra sveitarfélaga á landsbyggðinni nema að takmörkuðu leyti og jafnvel gert stöðu þeirra erfiðari, s.s. hvað varðaði ráðningar starfsfólks. Staða þessara sveitarfélaga hefur víða batnað og þá sérstaklega þeirra þar sem veiðar og vinnsla sjávarafurða vega þungt í atvinnulífinu og þjónusta við ferðafólk er sívaxandi atvinnugrein. Gengisfall krónunnar hefur styrkt stöðu útflutningsgreina sem leiðir af sér auknar tekjur þeirra og meiri umsvif.

Fjármálakreppan kemur jafnvel meira við sveitarfélögin en aðra margháttaða starfsemi í samfélaginu, því afleiðingar þess erfiða ástands sem er víða til staðar, kemur beint inn á borð þeirra í tengslum við fjölmörg


lögskipuð verkefni þeirra. Aukin þörf á félagslegri aðstoð, afleiðingar mikils og viðvarandi atvinnuleysis, almennar verðhækkanir, auknar álögur ríkisvaldsins jafnhliða tekjusamdrætti vegna samdráttar á vinnumarkaði og mikils brottflutnings fólks af landinu, hefur mikil áhrif á rekstrarumhverfi þeirra. Kjarasamningar árið 2011 voru sveitarfélögunum kostnaðarsamir en þeir höfðu í för með með sér verulega hækkun launa frá miðju ári 2011 fram á fyrri hluta árs 2012. Í kjölfar þeirra hækkaði verðbólga nokkuð. Þar til viðbótar glíma nokkur sveitarfélög við mikla og erfiða skuldastöðu sem meðal annars orsakast af því að erlend lán hækkuðu um allt að 100% vegna gengisfalls krónunnar. Í nokkrum tilvikum hafa þau þurft að endurfjármagna erlend lán í íslenskrí mynt. Í þeim tilvikum er útséð með að þau komi til með að njóta þess ef krónan styrkist í náninni framtíð. Einnig er vaxtastig hærra hér en á erlendum lánum.

Ekki fer hjá því að gríðarlegt atvinnuleysi í mörgum Evrópulöndum veldur miklum áhyggjum. Það er hættulegt hverju þjóðfélagi þegar almennt atvinnuleysi er komið í um 25% af vinnufæru fólki og atvinnuleysi ungs fólks er um og yfir 50%. Það hefur verið lán okkar að vegna margra samhangandi þátta þá hefur atvinnuleysi héraðs ekki þróast í að verða illviðráðanlegt eins og ákveðin hættu var á um tíma. Vitaskuld hefur fjöldi fólks flutt úr landi sem er slæm þróun en engu að síður hefur atvinnuástand verið lægra en búast mátti við.

Á mynd 1.1 kemur fram hlutfall atvinnuleysis á árunum 2010–2012 í nokkrum nágrannalöndum Íslands, innan ESB og meðaltal fyrir lönd innan OECD. Atvinnuleysi er áþekkt á Norðurlöndunum eða um 7–8% að Noregi undanskyldum. Innan Evrópusambandsins er atvinnuleysi um 11% að meðaltali og hefur hækkað frá síðasta ári.

Ekki fer hjá því að gríðarlegt atvinnuleysi í mörgum Evrópulöndum valdi miklum áhyggjum. Það er hættulegt hverju þjóðfélagi þegar almennt atvinnuleysi er komið í um 25% af vinnufæru fólki og atvinnuleysi ungs fólks um og yfir 50%. Það hefur verið lán okkar að vegna margra samhangandi þátta þá hefur atvinnuleysi héraðs ekki þróast í að verða illviðráðanlegt eins og ákveðin hættu var á um tíma. Vitaskuld hefur fjöldi fólks flutt úr landi sem er slæm þróun en engu að síður hefur atvinnuástand verið á ásættanlegum nótum.

Mynd 1.1. Atvinnuleysi á árinu 2010-2012.
Heimild: OECD



Innan ESB er atvinnuleysi einna hæst á Spáni, Portúgal, Írlandi og Grikklandi eða 15–25%. Mikið atvinnuleysi hefur margháttað áhrif fyrir samfélagið. Velta í þjóðfélaginu minnkar einnig vegna þess að hluti íbúanna hefur minna fé milli handanna. Það hefur áhrif á almennan rekstur í samfélaginu og þar af leiðandi á tekjur ríkisins af beinum og óbeinum sköttum. Ríki og sveitarfélög fá þannig lægri tekjur til að standa undir þeirri þjónustu sem þeim er ætlað að sinna. Á sama tíma aukast útgjöldin hjá sveitarfélögum á ýmsa lund. Það gerist t.d. vegna meiri þarfar fyrir félagsþjónustu af ýmsu tagi, þörf fyrir húsnæðisbætur og fjárhagsaðstoð fer vaxandi og aukin áhersla verður lögð á ýmsa stöðþjónustu á þessum vettvangi.

Misjafnt er hvernig efnahagslíf í löndum Evrópu hefur þróast eftir efnahagslægdina sem reið yfir heiminn á árunum 2008 og 2009. Efnahagur Þýskalands og flestra landa Norður-Evrópu hefur tekið vel við sér á nýjan leik eftir mikla niðursveiflu. Verðmæti útflutnings hefur vaxið og má sérstaklega benda á Þýskaland, Holland, Svíþjóð og Finnland í því sambandi. Pólitískur vandi innan ESB vegna erfiðrar skuldastöðu nokkurra landa í sambandinu varð ekki leystur. Þar er staða Grikklands, Ítalíu og Spánar einna verst. Vandséð virðist vera að þessi lönd hafi tök á að standa undir áhvilandi skuldum ef marka má þá umfjöllun sem farið hefur fram um stöðu þessara landa.

Verg landsframleiðsla (BNP) dróst saman innan ESB á árinu 2012 um 0,5%. Ýmis merki hafa þó sést um að þróunin stefni hægt upp á við á nýjan leik en engu að síður er framtíðarsýn þessara mála ekki sérlega björt. Sérstaklega á það við suðurhluta Evrópu þar sem vandamál vegna veiks bankakerfis og viðvarandi halla í ríkisrekstri eru óleyst. Í Norður-Evrópu og þá sérstaklega í Þýskalandi eru horfurnar aftur á móti stórum betri. Staða þeirra en þó engu að síður á margan hátt erfið vegna vandamála í suðurhluta Evrópu. Ekki er gert ráð fyrir að verg landsframleiðsla vaxi í ár innan ESB en gert er síðan ráð fyrir ákveðnum batamerkjum á næsta ári. Vonir standa til að meira jafnvægi hafi færst yfir stöðuna og hægt verði að sjá fram á hægt vaxandi styrkingu á efnahagskerfi þeirra landa sem við höfum hvað mest viðskipti við. Mikil umræða hefur átt sér stað um stöðu evrunnar. Deildar meiningar eru um hvort hún nái að lifa þessar hræringar af, annað hvort í óbreyttri mynd eða eitthvað breytti. Erfitt er að sjá hver þróunin verður í þeim málum. Það liggur ljóst fyrir að það er gríðarlega erfitt og vandasamt verkefni að halda úti sameiginlegri mynt fyrir svo stóran hóp ólíkra hagkerfa eins og eru til staðar innan ESB án þess að hafa möguleika á miðstýrðri fjármálastjórn. Þessi staða sýnir hve erfitt er að fínstillastjórn efnahagskerfisins innan ESB. Lágir vextir létta undir með efnahagsþróun skuldsettra landa en þeir vinna á móti þeim aðferðum sem notaðar eru til að draga úr vaxandi verðbólgu hjá löndum í Norður-Evrópu þar sem efnahagsbati er verulegur. Eðlilegt er að þessi þróun mála valdi íslenskum stjórnvöldum nokkrum áhyggjum. Ýmis lönd innan ESB eru meðal stærstu viðskiptaaðila Íslands hvað útflutning varðar. Ef efnahagur almennings í þessum löndum fer versnandi þá hefur það ótvíræð áhrif á stöðu útflutningsgreina og þar með á almenn lífskjör hérlendis.

Í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og í Japan eru þróunin aftur á móti öllu jákvæðari. Atvinnuþátttaka vex og atvinnuleysi minnkar. Efnahagsstefnan er

öflug og gefur vonir um batnandi forsendur fyrir almenning og atvinnulífið í heild sinni.

Veik staða krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum hefur haft margháttað áhrif sem varða sveitarfélögin ekki síður en aðra í samfélaginu. Gengistryggð lán hafa hækkað gríðarlega, verðbólga óx mikið á tímabili, lækkaði síðan nokkuð en hækkaði síðan aftur. Ástæður þess eru bæði hækkanir á innfluttum aðföngum og hækkanir innanlands, s.s. launahækkanir. Þar vegur hækkanir olíuverð einnig þungt. Vegna þess hefur margháttaður kostnaður hækkað. Á móti kemur að hagr útflutningsfyrirtækja hefur batnað á ýmsa lund vegna lækkunar á gengi krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Það hefur í för með sér að afkoma þeirra hefur batnað og umsvif víða aukist. Kaupgeta erlends ferðafólks hefur vaxið og það hefur sín áhrif á áhuga fólks að heimsækja landið og eyðslu þess á ferðum um landið. Erlendum ferðamönnum hefur fjölgað jafnt og þétt og er útlit fyrir að svo haldi áfram. Það mun hafa gríðarleg áhrif á atvinnulífið í heild sinni en jafnframt gera kröfur til mikilla fjárfestinga til að bæta aðstöðu fyrir ferðafólk á ýmsan veg, bæta skipulag og auka fagmennsku.

Umræða um að Ísland þurfi að tengjast erlendum gjaldmiðli hið fyrsta eða taka upp nýjan gjaldmiðil skýtur upp kollinum með jöfnu millibili. Þróun á gengi krónunnar er hins vegar á margan hátt mælikvarði á hvernig stjórnun efnahagsmála hefur verið hérlendis á liðnum áratugum. Að taka upp annan gjaldmiðil mun leysa fá vandamál, ef agi í hagstjórn hins opinbera mun ekki batna verulega frá því sem nú er.


Hér á eftir verður farið yfir nokkur atriði sem varða efnahagsumhverfi sveitarfélaganna og fjallað um á hvern hátt þeir þættir sem skipta miklu máli fyrir rekstrarumhverfi sveitarfélaganna hafa þróast á liðnum árum. Upplýsingar þær sem þessi samantekt byggir á koma að verulegu leyti frá upplýsingavef Hagstofu Íslands (www.hagstofa.is) og úr Hagtíðindum (Þjóðhagsreikningar) frá árinu 2012. Með þessari samantekt er reynt að skýra hvaða áhrifavaldar það eru sem skipta sveitarfélögin einna mestu máli í þjóðarbúskapnum og hvaða áhrif þeir hafa á stöðu sveitarfélaganna.

MANNFJÖLDI

Þann 1. janúar 2013 voru íbúar landsins 321.857 og hafði íbúum landsins fjölgað um rúmlega 2.400 einstaklinga frá fyrra ári. Er það fjölgun um 0,77% sem er nokkuð undir hlutfallslegri meðalfjölgun á árunum 1998–2006 eða áður en mesta bólughagkerfið fór af stað. Íbúafjöldi landsins í ársbyrjun 2012 var um 2.000 einstaklingum yfir íbúafjölda landsins í ársbyrjun 2009. Þannig virðist sú fækkun íbúa á landinu sem varð á árunum eftir kreppuna hafa gengið til baka og merki eru um nokkra fjölgun íbúa. Til samanburðar má þó benda á að árleg fjölgun íbúa var á bilinu 2.000–4.000 manns á ári á fyrri hluta síðasta áratugar. Á hinn bóginn hefur ýmislegt gerst í þessum eignum sem ekki verður litið fram hjá. Bæði hefur fólk af erlendu bergi brotið, sem starfaði hérlendis meðan uppsveiflan var sem mest, horfið á braut, en einnig hefur töluverður fjöldi Íslendinga flust af landi brott í kjölfar efnahagshrunsins. Þar á meðal er það fólk sem landið

má síst við því að missa, vel menntað fjölskyldufólk. Þróun íbúafjöldans er eitt þeirra atriða sem skiptir sveitarfélögin mestu máli, bæði í bráð og lengd. Íbúarnir nýta sér þjónustu sveitarfélagsins og íbúarnir greiða kostnaðinn við rekstur sveitarfélagsins með skattfé og þjónustugjöldum. Fjölgun íbúa kallar á framkvæmdir og leiðir af sér hærri skatttekjur. Fækkun íbúa gerir það að verkum að nýting mannvirkja og staðbundinnar þjónustu verður lakari og tekjustofnar dragast saman.

Á mynd 1.2 kemur fram hvernig þróun íbúafjölda á landinu hefur verið frá árinu 1998. Þar kemur fram þróun heildaríbúafjöldans og einnig hvernig hann skiptist milli höfuðborgarsvæðisins og einstakra landshluta. Glögg kemur fram að fjölgun íbúanna á sér fyrst og fremst stað á Höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur og á Suðurnesjum. Þar hefur íbúum fjölgað á milli 35 og 46%. Það er staðreynd sem þarf ekki að koma neinum á óvart.



Mynd 1.2. Þróun íbúafjölda á árunum 1998–2013.
Heimild: Hagstofa Íslands

Á mynd 1.2 kemur einnig fram að á tímabilinu hefur íbúum fækkað á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra en fjölgað í öðrum landshlutum. Á Vestfjörðum hefur íbúum fækkað um 18,5% frá árinu 1998. Þróun mála á Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra er aðeins misvísandi, því Siglufjörður sameinaðist Ólafsfirði í Fjallabyggð á tímabilinu. Fjallabyggð fellur undir Norðurland eystra þannig að íbúar Siglufjarðar flytjast milli svæða í þessum útreikningum. Fólksfjölgun hefur orðið mjög lítil á Austurlandi eftir að hin mikla fjölgun íbúa sem átti sér stað í tengslum við uppbyggingu Kárahnjúkavirkjunar og álvers í Reyðarfirði gekk til baka en þó má merkja nokkra fjölgun á síðasta ári. Árin þar á undan hafði fólki fækkað á Austfjörðum þannig að íbúapróuninni hefur í raun verið snúið við eftir að framkvæmdum lauk. Íbúafjölgun í öðrum landshlutum og í Reykjavík er á bilinu 9–13%. Hér er ekki kafað dýpra niður í hvernig búferlaflutningar hafa þróast innan einstakra landshluta. Það er önnur saga og flóknari. Þó sést ákveðin þróun þess efnis að íbúar flytja í þéttbýlið innan einstakra landshluta. Það er þó ekki einhlítt.

Ekki verður fjallað nánar um íbúapróun í einstökum kjördæmum eða einstökum sveitarfélögum. Fyrst og fremst eru dregnar fram þær grófu

höfuðlínur sem leiða í ljós mismunandi þróun íbúafjölda á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og á landsbyggðinni hins vegar. Þessar hugleiðingar gefa þó tilefni til almennra vangavelta um hvernig menn skilgreina höfuðborgarsvæðið. Fram til þessa hefur það afmarkast af Kjalarnesi í norðri til Hafnarfjarðar í suðri. Spurning er hvort sú skilgreining sé endilega rökrétt lengur eða hvort eigi að skilgreina höfuðborgarsvæðið með hliðsjón af því atvinnusvæði sem virkar nú æ meir sem samhangandi heild. Í sívaxandi mæli keyrir fólk á milli Akraness, Suðurnesja og sveitarfélaga fyrir austan fjall og höfuðborgarsvæðisins vegna vinnu sinnar. Fyrr en síðar kemur að því að það verði farið að skilgreina svæðið frá Borgarbyggð/ Akranesi til Árborgarsvæðisins sem eitt samhangandi atvinnu- og þjónustusvæði. Bættar samgöngur tengja þetta svæði enn betur saman, svo sem með Suðurstrandarvegi, tvöföldun Reykjanesbrautar og samgöngubótum á Hellisheiði.

HAGVÖXTUR


„Eitt af einkennum efnahagslífs flestra ríkja undanfarna áratugi er að framleiðslugetan hefur vaxið frá ári til árs og þá um leið þjóðarframleiðslan. Með *þjóðarframleiðslu* er átt við heildarverðmæti allrar vöru og þjónustu sem þjóð framleiðir á einu ári. Ástæður vaxandi þjóðarframleiðslu eru margar, tækniframfarir auðvelda framleiðslu, aukið fjármagn safnast fyrir og vinnandi fólki fjölgar og verkunnátta þess eykst. Mjög er þó misjafnt hversu ört þjóðarframleiðsla vex og mörg dæmi eru um að hún hafi dregist saman um tíma. Vöxtur þjóðarframleiðslu frá ári til árs nefnist *hagvöxtur* og er hann mældur í hundradshlutum (prósentum). Ef þjóðarframleiðsla dregst saman er stundum talað um neikvæðan hagvöxt.

Stundum er miðað við landsframleiðslu en ekki þjóðarframleiðslu. Hagvöxtur er þá reiknaður sem vöxtur landsframleiðslu frá ári til árs. Nokkur munur er á þessum tveimur stærðum. Þannig teljast til dæmis tekjur útlendinga af eignum og vinnu á Íslandi ekki til þjóðartekna Íslendinga en til landsframleiðslu Íslands. Á sama hátt teljast tekjur Íslendinga af eignum og vinnu erlendis til þjóðartekna Íslendinga en ekki til landsframleiðslu Íslands“.¹

Á árunum 2003 til 2006 var hagvöxtur á landinu mjög mikill. Hann dregst síðan mikið saman milli ára á árunum 2007–2010. Hrunið árið 2008 kemur sérstaklega fram á árinu 2009 þegar hagvöxtur er neikvæður um tæp 7%. Það er gríðarleg breyting sem hefur mikil áhrif inn í allan þjóðarbúskapinn. Hagvöxtur þenslutímabilsins var að stórum hluta til drifinn áfram af einkaneyslu og fjárfestingum sem fjármagnaðar voru á beinan eða óbeinan hátt með erlendum lán-tökum. Hátt gengi krónunnar, mikið framboð hagstæðra íbúðarlána og ört hækkandi fasteignaverð leiddi til aukinnar einkaneyslu og mikils innflutnings. Gríðarlegar byggingarframkvæmdir áttu sér stað á þessum árum, bæði í orku- og stóriðjugeiranum en einnig og ekki síður í margháttuðum byggingarframkvæmdum á höfuðborgar-svæðinu og vaxtarsvæðum. Óhjákvæmileg afleiðing þessa ástands var mikill viðskiptahalli við útlönd. Hann var mikill allt frá árinu 2003 og náði


¹ Heimild: Visindavefurinn - <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=1200>

hámarki árið 2008. Á mynd 1.3 er birt yfirlit um þróun hagvaxtar, viðskiptajafnaðar og þjóðarútgjalda á árunum 1995 til 2012 og spá fyrir árin 2013 til 2015 sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Afleiðingar efnahagshrunsins koma þar skýrt fram. Þjóðarútgjöld dragast mikið saman, hagvöxtur verður neikvæður en viðskiptajöfnuður við útlönd breytist úr því að vera mjög óhagstæður upp í að vera nálægt núlli næstu árin.



Mynd 1.3. Þróun hagvaxtar, viðskiptajafnaðar og þjóðarútgjalda 1995–2015. Heimild: Hagstofa Íslands

Sé þróun mála borin saman við fyrstu spár eftir hrunið þá kemur í ljós að efnahagslegur bati er hægarí en spáð var á árinu 2009. Horfur í efnahagsmálum á komandi árum eru á ýmsa vegu frekar óvissar. Framtíð gjaldeyrishaftanna liggur ekki fyrir. Óvíst er einnig um hvernig leyst verður úr þeirri stöðu sem innistæður aflandskróna hjá Seðlabanka Íslands (snjóhengjan) hafa í för með sér. Innflutningur hefur dregist verulega saman. Fjárfestingar sem hlutfall af landsframleiðslu eru sem stendur í sögulegu lágmarki. Það kemur fram á mynd 1.4. Viðbrögð opinbera geirans við samdrætti í efnahagslífinu við eðlilegar aðstæður eru yfirleitt þau að auka við fjárfestingar.



Mynd 1.4. Fjárfestingar sem hlutfall af VLF 1980–2015. Heimild: Hagstofa Íslands.


Um þessar mundir er skuldastaða ríkisins og nokkurra stærri sveitarfélaganna þannig að þau eiga erfitt með að ráðast í miklar

framkvæmdir. Sú staðreynd bæði dýpkar kreppuna enn frekar og lengir í henni. Það gerist bæði með því að eftirspurn eftir vinnuafli er minni en gæti verið svo og er eftirspurn eftir fjármagni einnig minna.

VERÐLAGSBREYTINGAR

Það er þekkt staðreynd að erfiðlega hefur gengið að halda verðlagi stöðugu hérlendis. Verulegur munur er í því efni hérlendis og hjá ýmsum nágrannalöndum Íslands. Verðbólga jókst nokkuð skarpt fyrri hluta ársins 2006 en nokkuð dró úr hækkun verðbólgunnar þegar leið á árið. Að jafnaði var vísitala neysluverðs 6,8% á árinu 2006. Þessa þróun má að miklu leyti rekja til hækkana á húsnæðisverði og á olíu- og bensínverði.


Mynd 1.5. Þróun vísitölu neysluverðs á árunum 1996–2012 og spá fyrir árin 2013–2015.
Heimild: Hagstofa Íslands



Verðbólga hækkaði verulega á árinu 2008 og hélst síðan há út árið 2009. Framan af hafði mikil eftirspurn í samfélaginu og vaxtahækkunarákvarðanir áhrif á verðbólguna en síðan stafaði hún fyrst og fremst af mikilli lækkun á gengi krónunnar. Innleidd gjaldeyrishöft sem tekin voru upp í kjölfar efnahagshrunsins síðla árs 2008 styrktu gengi krónunnar tímabundið en það gekk síðan að öllu leyti til baka. Gengi krónunnar er engu að síður töluvert veikara en það sem hægt er að telja eðlilegt. Innfluttar vörur samanstanda af tæplega 40% í vísitölu neysluverðs og hafa breytingar á gengi krónunnar komið hratt fram í verðbólgutölum samfara veikingu gengisins. Á árunum 2011 og 2012 hefur verðbólga verið hærri en áætlað var. Kemur þar ýmislegt til. Hækkanir á innfluttum varningi, s.s. olíu og ýmsum hráefnum hefur haft veruleg áhrif. Einnig hafa kjarasamningar fyrra árs haft veruleg áhrif í þá átt að örva verðbólguna. Það á ekki að koma á óvart því margir bentu á að kjarasamningar sem væru kostnaðarsamir fyrir ríki og sveitarfélög hefðu þessar afleiðingar. Því er ekki um eftirspurnardrífna verðbólgu að ræða (inflation). Í stöðnun eða kreppuástandi getur verðbólga aukist þegar tilkostnaður eykst en landsframleiðslan stendur í stað eða dregst saman (deflation).

ÞRÓUN GENGISMÁLA

Gengisþróun krónunnar ræður miklu um verðlagsþróun á innlendum markaði þar sem íslenskt þjóðfélag er svo háð innflutningi á vörum erlendis frá. Jafnframt ræður staða krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum miklu um afkomu útflutningsatvinnugreina. Á mynd 1.6 kemur fram hver þróun íslensku krónunnar hefur verið gagnvart Bandaríkjadal (USD) og evru (EUR) á árunum 1996–2012.



Mynd 1.6. Gengisþróun íslensku krónunnar gagnvart Bandaríkjadal og evru á árunum 1996–2012. Heimild: Íslandsbanki

Á árunum 1996 til 1999 var USD mun ódýrari en EUR en á árunum 2000–2002 skipti um og USD var dýrari en EUR. Árið 2003 skipti aftur um og USD féll í verði og varð aftur mun ódýrari en EUR. Bilið milli verðlags þessara gjaldmiðla gagnvart krónunni hefur síðan farið vaxandi í gengishruninu undanfarin misseri þar sem gengi USD hefur lækkað gangvart EUR. Þessar breytingar skipta miklu máli bæði fyrir útflutningsfyrirtækin og einnig hvað varðar verðlag á innfluttum vörum.

Innleiðing gjaldeyrishafta í kjölfar hrunsins gerir alla spágerð um þróun á gengi krónunnar mun erfiðari en áður. Við það bætist að ekki liggur fyrir hvenær hægt verður að aflétta gjaldeyrishöftunum, en það er að mörgu leyti háð því hvernig hægt verður að leysa úr þeim vanda að inni í hagkerfinu er mikið af erlendu fjármagni sem að öllum líkindum verður fært úr krónum í erlenda gjaldmiðla við fyrsta tækifæri. Líkum er leitt að því, að gengi krónunnar muni lækka við afnám gjaldeyrishaftanna, en óvíst er hve skörp dýfan verður og hve lengi hún standi. Góður undirbúningur og skipulagðar aðgerðir munu gera afnám haftanna auðveldari. Máli skiptir í þessu samhengi að þungi afborgana og vaxtagreiðslna af erlendum lánum, sem innlendir aðilar bera ábyrgð á, er umtalsverður. Þar er um að ræða lán sem ríki, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklingar hafa tekið. Gengi krónunnar hefur heldur veikt frá síðasta ári. Á árinu 2010 var því spáð að gengið myndi styrkjast um allt að 8% á árinu 2011 samhliða því sem hagvöxtur aukist eitthvað. Sú spá hefur ekki gengið eftir hvað gengisþróunina varðar eins og sést á mynd 1.6. Gengi krónunnar hefur undanfarin ár þó styrkst heldur frá vordögum fram á haust. Kemur það meðal annars til vegna meiri gjaldeyrstekna yfir sumartímamann vegna mikils og vaxandi fjölda


ferðamanna. Á hinn bóginn hefur gengið heldur gefið eftir frekar en hitt þegar á heildina er litið. Það kemur til að mynda til vegna mikillar eftirspurnar eftir gjaldeyri vegna hárra afborgana á erlendum lánum.

ATVINNUMARKAÐUR


Þróun atvinnnumarkaðar á undanförunum árum markaðist eðlilega af þeim miklu framkvæmdum sem voru í gangi í þjóðfélaginu. Hluti þeirra starfa sem koma til vegna uppsveiflu í hagkerfinu var mannaður með erlendu vinnuafli. Fjöldi erlendra ríkisborgara sem voru starfandi hérlendis fór úr 3.400 á árinu 1999 í allt að 18.000 manns í lok ársins 2008. Þessi þróun dró úr spennu á vinnnumarkaði, en erlent vinnuafli kom til starfa mun víðar en í stóriðju- og virkjunarframkvæmdum á Austurlandi. Hluttur erlends starfsfólks var t.d. mjög umfangsmikill í byggingarframkvæmdum á suðvesturhorni landsins. Hluti þessa fólks hefur sest að hérlendis á meðan aðrir hafa horfið úr landi þegar atvinnumöguleikar minnkuðu. Íslenskur vinnnumarkaður er þannig mjög sveigjanlegur og hefur það vafalaust áhrif í þá átt að draga úr atvinnuleysi þegar til lengri tíma er litið. Annars vegar flyst fólk auðveldlega milli starfa og hins vegar er atvinnuþátttaka ungs fólks sveiflukennnd eftir árstíðum.

Atvinnuþátttaka er almennt mikil á Íslandi eins og kemur fram á mynd 1.7. Þar kemur fram að atvinnuþátttaka sveiflast á bilinu 80% og upp í tæp 84%. Atvinnuþátttaka hefur þó dregist saman á undanförunum misserum og er hún á árinu 2012 með því lægsta frá árinu 1997.

Mynd 1.7. Atvinnuþátttaka á árunum 1996–2012.
Heimild: Hagstofa Íslands



Atvinnuleysi á Íslandi hefur gegnum árin verið lítið miðað við nálæg lönd, hvort sem miðað er við Norðurlöndin eða lönd innan Evrópusambandsins. Það hefur þó breyst á allra síðustu árum. Á mynd 1.8 kemur fram yfirlit um atvinnuleysi á Íslandi á árunum 1996 til 2012. Upplýsingar fram til ársins 2010 eru rauntölur, en áætlaðar fyrir árin 2011 og 2012. Það er spurning sem vert er að velja fyrir sér í þessu samhengi hvort hérlendis sé hægt og sígandi að myndast viðvarandi atvinnuleysi sem nálgast meir stöðu okkar næstu nágranna en verið hefur fram til þessa.



Mynd 1.8. Atvinnuleysi á árunum 1996–2012 og spá fyrir árin 2013–2015.
Heimild: Hagstofa Íslands

Á mynd 1.8 kemur fram að atvinnuleysi hefur á árunum 1996–2008 sveiflast frá 2% og upp í tæp 4%. Á árinu 2009 verður mikil breyting þar á. Þá fer atvinnuleysið upp undir 8% að jafnaði yfir árið og en hefur heldur sigið niður á síðustu misserum. Hluti fólks hefur einnig þurft að sætta sig við skert starfshlutfall og fær það atvinnuleysisbætur að hluta. Fjölmennasti hópur atvinnulausra starfaði áður við mannvirkjagerð, en fækkun starfa í verslun, viðgerðum og iðnaði er einnig veruleg.

Í þjóðhagsspá Hagstofu Íslands er gert ráð fyrir að það dragi hægt en örugglega úr atvinnuleysi á næstu árum. Hún er á hinn bóginn háð mörgum óvissuþáttum svo sem aðkomu erlendra aðila að fjárfestingum hérlendis, þróun opinberra framkvæmda, lánsfjármöguleikum, afstöðu stjórnvalda til ýmissa atriða sem skipta miklu máli í þessu sambandi, stöðu gjaldeyrishafta svo og hvernig efnahagsmál þróast á okkar helstu markaðssvæðum.

ÍBÚÐABYGGINGAR OG FASTEIGNAMARKAÐUR

Íbúðabyggingar hafa vaxið síðustu tvö árin eftir mikinn samdrátt í þrjú ár þar á undan. Samkvæmt þjóðhagsreikningum var aukningin 5,4% árið 2011 og 6,9% árið 2012. Fjárfesting í íbúðum var í lágmarki á árinu 2010. Þá var hún einungis um 2% af VLF og um fjórðungur þess sem hún vará árinu 2007. Fasteignaviðskipti jukust verulega á árinu 2011. Velta á íbúðamarkaði jókst um 57% og fjöldi kaupsamninga um 47% frá árinu 2010. Þessi þróun hélt áfram á árinu 2012 þótt vöxturinn væri ekki eins mikill og árið á undan.


Við bankahrunið stöðvuðust mjög víða framkvæmdir við húsnæði sem var í byggingu. Það kom til vegna þess að áhvílandi fjármögnun hækkaði mikið, verð byggingarvara hefur hækkað og fáir kaupendur fundust að íbúðum sem voru til sölu. Sérstaklega átti það þó við um stærri íbúðir í úthverfum á höfuðborgarsvæðinu. Þó ber að minna á að hlutfallsleg aukning getur verið veruleg þótt magnbreyting sé ekki mikil ef fjöldinn sem hlutfallstalan byggir á er ekki stór. Umræða er hafin um að vaxandi þörf sé á nýbyggingum á höfuðborgarsvæðinu til að geta annað þörfum þess fólks sem er að flytja úr foreldrahúsum og hyggur á kaup á sinni fyrstu íbúð.

Fyrir viðkomandi sveitarfélög skiptir þróun húsnæðismarkaðar miklu máli fyrir fjárhag þeirra. Verðlag fasteigna hefur áhrif á tekjur sveitarfélaganna af fasteignaskatti og fjölgun íbúðabygginga þýðir yfirleitt fjölgun íbúa. Íbúafjölgun hefur í för með sér auknar skatttekjur til lengri tíma lítið en einnig kallar hún á aukið framboð þjónustu, nýframkvæmdir og fjárfestingar. Sveitarfélög geta ekki frestað lagningu veitukerfis, uppbyggingu gatna, skóla eða annarra þjónustumannvirkja þegar hverfin eru farin að byggjast upp. Mikil uppbygging íbúðarhúsnæðis hefur veruleg áhrif á framkvæmdaþörf sveitarfélaga, lántökur þeirra og fjárhagslega stöðu á meðan á uppbyggingartíma stendur. Það hefur því mikil áhrif á fjárhag sveitarfélaga til lengri tíma að þau sitji ekki uppi með ónotaðar fjárfestingar í hverfum sem voru skipulögð en hafa ekki byggst upp.

EINKANEYSLA

Einkaneyslan hefur mikil áhrif á allt gangvirki hagkerfisins. Áhrif einkaneyslu eru ekki hvað síst mikilvæg fyrir allan smáan og meðalstóran atvinnurekstur í samfélaginu – hve mikla fjármuni venjulegt fólk hefur milli handanna til að kaupa þjónustu, vörur eða annað sem fellur undir daglega neyslu. Mikils samdráttar tók að gæta í einkaneyslu fyrir mitt ár 2008 og síðan herti verulega á honum á fjórða ársfjórðungi þess árs. Fjöldmörg heimili í landinu hafa orðið fyrir miklum fjárhagslegum skakkaföllum í kjölfar hruns bankanna og alþjóðlegrar efnahagslæggðar sem þrengir að einkaneyslunni. Þar munar mest um kaupmátt ráðstöfunartekna, skuldsetningu og nettó eignastöðu. Heimilin hafa brugðist við þessu með því að draga einkaneyslu saman í meira mæli en dæmi eru um í þá hálfu öld sem gögn Hagstofunnar ná yfir. Vöxtur hennar var að vísu gríðarlega mikill á síðustu árum á meðan gengi krónunnar var skráð óeðlilega hátt og kaupmáttur launa jókst verulega. Lántaka hefur minnkað og það leiðir af sér minni framkvæmdir.

Mynd 1.9. Þróun einkaneyslu á árunum 1996–2012 og spá fyrir árin 2013–2015.
Heimild: Hagstofa Íslands




Á mynd 1.9 kemur fram hvern þróun einkaneyslu hefur verið á árunum 1996–2012 og spá Hagstofu Íslands fram til ársins 2015. Eins og sést hefur vöxtur einkaneyslu verið á milli 5–8% flest árin fram til ársins 2007 á þessu tímabili, að undanskildum árunum 2001 og 2002. Einkaneyslan vex

gríðarlega á árinu 2005, sem orsakast meðal annars af vaxandi kaupmætti launa og sterkri stöðu krónunnar. Áhrifin af hruni efnahagslífsins koma síðan í ljós á árunum 2008–2010. Fyrri hluta ársins 2012 var vöxtur einkaneyslu talsverður. Hann var m.a. studdur styrkingu vinnumarkaðar, vaxandi kaupmætti launa, útgreiðslu séreignasparnaðar og sérstakri vaxtaniðurgreiðslu. Þegar dró úr bata vinnumarkaðar og útgreiðsla séreignasparnaðar minnkaði upp úr miðju ári dró hins vegar verulega úr þessum vexti einkaneyslunnar. Einkaneyslan var síðan minni á síðasta fjórðungi ársins heldur en búist var við. Nú hljóðar spá hagstofunnar upp á 1,9% vöxt einkaneyslu fyrir árið 2013 sem er minni aukning en reiknað hefur verið með í tveimur síðustu þjóðhagsspám.

SAMNEYSLA

Samneysla hins opinbera skiptist í rekstur ríkissjóðs, rekstur sveitarfélaga og að lokum teljast almannatryggingar til samneyslunnar. Samneyslan óx því sem næst óslitið frá árinu 2000 fram til ársins 2008, eins og kemur í mynd 1.10.




Mynd 1.10. Þróun samneyslu á árunum 1999–2012.
Heimild: Hagstofa Íslands

Frá árinu 2008 hefur samneyslan aftur á móti dregist verulega saman. Árið 2012 er því fjórða árið í röð sem samneyslan dregst saman. Athygli vekur að samdrátturinn var mun meiri á árunum 2009 og 2010 hjá sveitarfélögum og almannatryggingum í samneyslunni heldur en hjá ríkinu. Það breyttist þó síðan á árinu 2011. Spá Hagstofu Íslands hvað varðar þróun samneyslunnar í heild sinni á árunum 2012–2016 sést í mynd 1.11.

Mynd 1.11. Spá um þróun samneyslu á árunum 2012–2016.

Heimild: Hagstofa Íslands



Reiknað er með að samneyslan vaxi um 0,45% árið 2013, sé óbreytt árið 2014, vaxi eilítið árið 2015 en taki síðan nokkurn kipp árið 2016. Á það hefur verið bent af ýmsum að vöxtur í hlut sveitarfélaganna í samneyslunni hafi vaxið meir en hlutur ríkisins á undanförunum árum. Í þessu sambandi er rétt að minna á að starfsemi og skyldur sveitarfélaganna eru þess eðlis, að það er erfitt og flókið að setja fastmótuð heildarmarkmið fyrir þróun samneyslunnar hjá öllum sveitarfélögum landsins miðað við núverandi form á fjárhagslegu samstarfi ríkis og sveitarfélaga. Sérstaklega er það erfitt þegar þróunin í búsetuþróun í landinu er eins og hún hefur verið á undanförunum áratug. Á meðan framkvæmdir eru í lágmarki hjá hluta sveitarfélaganna og samneysla dregst þar saman vegna íbúafækkunar verða önnur sveitarfélög að takast á við miklar nýframkvæmdir, meðal annars vegna íbúafjölgunar. Þau hafa ákveðnum skyldum að gegna við slíkar aðstæður sem erfitt eða ómögulegt er að víkjast undan. Á hinn bóginn er rétt að benda á að samkvæmt fyrrgreindum upplýsingum þá brugðust sveitarfélögin mun hraðar við afleiðingum efnahagshrunsins heldur en ríkisvaldið. Þannig tókst þeim að draga úr þeim áhrifum sem efnahagskreppan hefði ella haft á rekstur og efnahag þeirra.

Samantekt: Gunnlaugur A. Júlíusson – hag- og upplýsingasvið sambandsins.

2 AFKOMA SVEITARFÉLAGANNA - REKSTUR, EFNAHAGUR OG SJÓÐSTREYMI

Á árinu 2013 eru liðin fimm ár frá því bankakerfið á Íslandi hrundi, veigamiklir hlutar atvinnulífsins urðu fyrir stórum áföllum og efnahagsleg holskefla reið yfir, ekki einungis hérlendis heldur einnig víða í nágrannalöndum okkar. Staða sveitarfélaga var mjög misjöfn á þessum tímamótum. Hluti þeirra hafði riðið á faldi efnahagsbólunnar á meðan önnur höfðu ekki orðið hennar vör heldur starfað í kyrrstöðu á margan hátt. Engu að síður brugðust sveitarfélögin við breyttum aðstæðum sem ein heild. Samstaða ríkti meðal þeirra um að bregðast við breyttum aðstæðum með auknu aðhaldi í rekstri, markvissari vinnubrögðum og vandaðri fjármálastjórn. Í því sambandi var gripið til margháttaðra aðgerða til að bregðast við fyrirsjáanlegum tekjusamdrætti. Meginþunginn var lagður á að halda allri almannaþjónustu gangandi eins og best var á kosið og forðast að grípa til uppsagna starfsfólks í einhverjum mæli. Ekki er hægt að segja annað en að þessum markmiðum hafi verið náð í öllum meginatriðum. Í nýjum sveitarstjórnarlögum sem tóku gildi þann 1. janúar 2012 voru teknar upp tvær fjármálareglur, jafnvægisreglan og skuldareglan. Raddir voru uppi innan Sambands Íslenskra sveitarfélaga nokkrum árum áður um að rétt væri að taka upp fjármálareglur í einhverju formi. Sú umræða hlaut ekki sérstakan hljómgrunn á þeim tíma. Aftur á móti er ekki hægt annað en að segja að almenn samstaða hafi ríkt meðal sveitarstjórnarmanna um gildi og nauðsyn hinna nýju fjármálareglna þegar þær voru lögfestar. Þrátt fyrir að þær þurfi að ýmsu leyti lagfæringa við og umræðu um fyrirkomulag þeirra sé ekki lokið þá hafa þær engu að síður sannað gildi sitt. Þær hafa á ýmsan hátt leitt til þess að öll fjármálatengd umræða á sveitarstjórnarstiginu er markvissari og vandaðri en fyrr. Raunsæi hefur aukist og mikill vilji fyrir hendi um að ná settum markmiðum og halda sig innan þess ramma sem reglurnar setja. Segja má að þær hafi verið farnar að hafa veruleg áhrif áður en þær voru lögfestar eða allt frá landsþingi sveitarfélaga árið 2010 þegar þær voru fyrst kynntar og ræddar. Þessa sér meðal annars stað í afkomu sveitarfélaga eins og farið verður yfir hér á eftir. Vissulega þurfa nokkur sveitarfélög enn að fást við miklar skuldir og erfiðan rekstur en hafa engu að síður unnið af miklum krafti við að ná undirtökunum á fjármálum sínum. Afkoma sveitarfélaga á landsvísu fer þannig sífellt batnandi og almennt er lögð á það áhersla að greiða niður skuldir. Það er jákvæð þróun því hún leiðir til þess til lengri tíma litið að það fjármagn sem sveitarfélögin hafa úr að spila fer í enn meiri mæli í að veita íbúunum þjónustu í stað þess að greiða dýran fjármagnskostnað.

Rekstur sveitarfélaga verður ætíð vandasamur og vandrataður meðalvegurinn í þeim efnum. Miklar kröfur eru gerðar til þjónustu sveitarfélaganna hvað varðar fjölbreytni, magn og gæði. Tekjur eru á hinn bóginn tiltölulega fastmótaðar og innan ákveðins ramma sem sveitarstjórnir

hafa tiltölulega lítil áhrif á. Því er það hlutverk sveitarstjórna að forgangsraða verkefnum vegna takmarkaðs fjármagns og jafnframt að halda sig innan ákveðins fjárhagsramma ætíð vandrötuð sigling. Útgjöld aukast vegna kostnaðarhækkana, verðbólgu og breytingar á gengi krónunnar hafa áhrif á skuldir sveitarfélaga eins og annarra, íbúapróun hefur áhrif á fjármál sveitarfélaganna hvort sem um er að ræða fjölgun eða fækkun íbúa, og ýmiss konar aðrar breytingar eiga sér stað í samfélaginu sem hafa áhrif á verkefni og afkomu sveitarfélaganna. Þess háttar sveiflur eru ætíð mjög erfiðar fyrir rekstur opinberra aðila, eins og sveitarfélaga sem hafa það sem meginhlutverk að annast ákveðna nærþjónustu fyrir íbúana. Forsenda þess að þau geti rækt hlutverk sitt eins og þeim er lagt fyrir er að það ríki ákveðinn stöðugleiki í rekstrarumhverfi þeirra. Það fyrirkomulag sem fjármögnun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga byggir á eykur síðan einnig á þessar sveiflur. Tekjur sjóðsins byggja á ákveðnu hlutfalli af tekjustofnum, sem vaxa í hagstæðu árferði en minnka á samdráttartímum. Útgjaldþörf sveitarfélaganna breytist hins vegar yfirleitt í öfugu hlutfalli í veigamiklum atriðum. Fjárhagsáætlanir verða að byggja á nokkuð tryggum forsendum svo von sé á að þær nýtist sem virkt stjórnþæki. Útgjöld vegna reglulegrar starfsemi verða að vera í samræmi við tekjur af hefðbundnum tekjustofnum. Sífellt endurmat verður því að vera til staðar innan sveitarfélaganna á starfsemi þeirra. Ekki er sjálfgefið að núverandi fyrirkomulag á verklagi og skipulagi þjónustunnar sé endilega það hagkvæmasta og vænlegasta til árangurs. Nefna má eftirfarandi atriði í því sambandi:

- *Hvaða verkefnum er eðlilegt að sveitarfélögin sinni fyrir utan lögbundin verkefni?*
- *Hvernig er best staðið að því að veita umrædda þjónustu?*
- *Hvað fæst fyrir þá fjármuni sem lagðir eru í þá þjónustu sem sveitarfélögin inna af hendi?*
- *Geta sveitarfélögin í ríkari mæli en nú er gert leyst ákveðin sértæk verkefni með samstarfi sín á milli.*

Hér á eftir verður farið yfir nokkur atriði er varða fjárhagslega afkomu A-hluta í rekstri sveitarfélaganna á árinu 2012. Til samanburðar er birt yfirlit um hvernig þau hafa þróast í nokkur undanfarin ár. Athyglinni í þessari samantekt er fyrst og fremst beint að afkomu A-hluta sveitarsjóða. Það er gert af tveimur megin ástæðum. Í fyrsta lagi er A-hlutinn kjölfestan í rekstri sveitarfélaga. A-hluti sveitarsjóðs er fjármagnaður að stærstum hluta með skatttekjum. Hægt er að færa fjármuni óhindrað frá A-hluta til B-hluta fyrirtækja ef þau eru rekin með halla. Á hinn bóginn er miklum takmörkum háð að flytja fjármuni frá B-hluta fyrirtækjum til A-hluta. Í öðru lagi getur rekstur B-hluta fyrirtækja verið svo ólíkur innbyrðis að það gefur óljósa mynd af stöðunni þegar búið er að steypa þeim saman í einn samstæðureikning. Eitt B-hluta fyrirtæki getur verið rekið með rekstrarafgangi en annað með halla en þau vega svo upp hvort annað á samstæðureikningi.

Hér eru síðan fyrst og fremst dregnar fram upplýsingar sem varða sveitarfélögin í heild sinni. Athyglinni er einungis að mjög litlu leyti beint að stöðu einstakra sveitarfélaga. Það er ljóst að afkoma sveitarfélaganna er mjög misjöfn hvað varðar afkomu og skuldastöðu. Sveitarfélögin eru afar mismunandi að stærð og innri uppbyggingu en einnig er afkoma þeirra


misjöfn þegar niðurstöðutölur á hvern íbúa eru metnar. Frekari upplýsingar um fjármál og stöðu einstakra sveitarfélaga er að finna í yfirlitum og töflum annars staðar í árbókinni.

REKSTUR SVEITARFÉLAGA ÁRIN 2002–2012

TEKJUR

Tekjustofnar sveitarfélaganna eru útsvar, fasteignaskattur, greiðslur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og þjónustutekjur. Álagning útsvars og fasteignaskatts byggir á lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Sveitarstjórn tekur ákvörðun árlega um álagningarprósentu útsvars í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta fjárhagsár. Sama gildir um álagningu fasteigna skatta og fasteignagjalda. Greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fara eftir reglum jöfnunarsjóðs hverju sinni. Að síðustu má nefna að sveitarfélögin hafa nokkurt sjálfðæmi um þjónustugjöld upp að því marki að gjaldtakan má ekki vera hærri en sem nemur kostnaði við hvert verkefni.

Nákvæmar upplýsingar um þjónustutekjur sveitarfélaganna eru einungis til frá og með árinu 2002 þegar reikningskilum sveitarfélaganna var breytt en breytt reikningskil höfðu engin áhrif á framsetningu útsvars og fasteignaskatts. Lóðarleigan kemur hins vegar inn í tekjuhlið ársreikninga sem skattaígildi með breyttum reikningskilum.




Mynd 2.1. Þróun tekna sveitarfélaga árin 2002–2012.

Yfirlit um tekjur sveitarfélaga og samsetningu þeirra á árunum 2002–2012 kemur fram í mynd 2.1. Þar er búið að uppfæra niðurstöður fyrri ára yfir á verðlag ársins 2012 samkvæmt vísitölu neysliverðs með húsnæðiskostnaði. Miðað er við meðaltal vísitölunnar ár hvert. Vegna breyttra reikningskila er ekki hægt að birta sambærilegt yfirlit um þjónustutekjur frá því fyrir og eftir breytingu á reikningskilunum. Því er hér einungis birt yfirlit um þjónustutekjur sveitarfélaganna frá því eftir breytinguna. Fram kemur á mynd 2.1 að tekjur sveitarfélaganna jukust mikið að raungildi framan af þessu tímabili eða til ársins 2007. Síðan hafa heildartekjur sveitarfélaganna dregist saman að raungildi og eru nú orðnar áþekkar því sem þær voru á árinu 2005. Sérstaklega hafa útsvarstekjur minnkað frá árinu 2007. Aukning

tekna á árunum 2011 og 2012 helgast fyrst og fremst af yfirfærslu á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga sem tók gildi þann 1. janúar 2011. Hækkun launa eftir kjarasamninga hefur einnig áhrif í þá átt. Það kemur betur í ljós á mynd 2.2.


Mynd 2.2. Hlutfallsleg þróun skatttekna sveitarfélaga á árunum 2002–2012.



Á mynd 2.2 kemur fram hlutfallsleg þróun skatttekna sveitarfélaganna á tímabilinu 2002–2012. Skatttekjur aukast jafnt og þétt fram til ársins 2007 en síðan fóru útsvarstekjur og greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga lækkandi að raungildi fram að yfirfærslu á þjónustu við fatlað fólk til sveitarfélaganna. Áhrif efnahagshrunsins á fasteignaskattinn koma ekki fram fyrir en á árinu 2009 þar sem breytingar á fasteignamarkaði eru lengur að koma fram.

Útsvarstekjur sveitarfélaga hafa vaxið að raungildi um 20% á tímabilinu, tekjur af fasteignaskatti um 60% og framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hafa vaxið um 85%. Þess ber þó að geta að ýmsar breytingar hafa orðið á starfsemi jöfnunarsjóðsins á tímabilinu. Í því sambandi má nefna greiðslur til sveitarfélaga vegna húsaleigubótakerfisins, aukaframlag til illra staddra sveitarfélaga dróst saman og féll að lokum niður og að síðustu fer stærstur hluti af tekjum sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlaðs fólks í gegnum jöfnunarsjóðinn. Í þessu sambandi er fróðlegt að sjá hvernig álagningarhlutfall útsvars hefur breyst á tímabilinu. Það kemur fram á mynd 2.3.


Mynd 2.3. Meðalútsvar á árunum 2002–2012.



Á mynd 2.3 kemur fram að meðalálagning útsvars hefur hækkað úr 12,79% árið 2002 upp í 13,12% árið 2010. Það er hækkun álagningar um 2,5% á tímabilinu. Það þýðir að hluti af þeim auknu tekjum sem sveitarfélögin fengu fram til ársins 2007 af álagningu útsvars er vegna hækkaðrar útsvarsprósentu, hluti þeirra er vegna fjölgunar fólks á vinnumarkaði, minna atvinnuleysis og hluti er til kominn vegna hærri launa á vinnumarkaði og aukins kaupmáttar. Síðan breytist staðan með breyttu ástandi í samfélaginu. Atvinnuleysi eykst, fólki fækkar á vinnumarkaði og laun lækka. Árið 2011 hækkar álagt meðalútsvar verulega. Það gerist fyrst og fremst vegna yfirfærslu á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga. Heimild sveitarfélaganna til álagningar útsvars hækkaði um 1,20%stig. Þar af fara 0,25% stig til sveitarfélaganna en 0,95%stig renna til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og er deilt þaðan út til sveitarfélaga og þjónustusvæða samkvæmt ákveðnum reglum.

REKSTRARKOSTNAÐUR

Í reikningsskilum sveitarfélaga er rekstrarkostnaði þeirra deilt upp í laun og launatengd gjöld að viðbættum breytingum á lífeyrisskuldbindingum sveitarfélaga, annan rekstrarkostnað og afskriftir. Niðurstöður um þróun útgjalda sveitarfélaganna á árunum 2002–2012 koma fram á mynd 2.4. (m.kr.). Þær eru færðar upp á verðlag ársins 2012.



Mynd 2.4. Þróun útgjalda sveitarfélaganna á árunum 2002–2012.

Hér kemur fram hvað almennur rekstrarkostnaður hefur lækkað mikið að rangildri frá árinu 2008. Launakostnaður hefur einnig lækkað en ekki eins mikið. Á árinu 2008 var heildarrekstrarkostnaður sveitarfélaganna um 215 ma.kr. en hafði lækkað niður í 186 ma.kr. á árinu 2010. Heildarrekstrarkostnaður sveitarfélaganna eykst síðan á árinu 2011 af ýmsum ástæðum. Veigamesta ástæðan er yfirfærsla á málefnum fatlaðs fólks sem tók gildi þann 1. janúar 2011. Einnig var samið var um verulegar launahækkanir á árinu 2011. Því hækkaði launakostnaður seinni hluta ársins og almennt verðlag hækkaði sökum verðhækkana. Í töflu 2.1 kemur fram hver hefur orðið hlutfallsleg breyting milli ára á launum og launatengdum gjöldum annars vegar og öðrum rekstrarkostnaði hins vegar.


Tafla 2.1. Hlutfallsleg breyting einstakra rekstrarliða á árunum 2006–2012.

	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Laun og launatengd gjöld	18,3%	-1,4%	11,6%	4,5%	3,5%	15,3%	4,1%
Annar rekstrarkostnaður	16,0%	18,1%	22,9%	-5,6%	-2,4%	5,5%	5,2%
Afskriftir	7,3%	9,4%	5,3%	14,1%	24,5%	6,1%	2,7%

REKSTRARAFKOMA

Á mynd 2.5 kemur fram yfirlit um framlegð, fjármagnsliði og rekstrarafkomu sveitarfélaganna eftir fjármagnsliði á árunum 2002–2012 (þús.kr.). Hér er miðað við afkomu af hefðbundnum tekjustofnum en ekki er tekið tillit til óreglulegra liða.


Mynd 2.5. Framlegð, fjármagnsliðir og afkoma eftir fjármagnsliði 2002–2012



Á mynd 2.5 koma glögg fram þær gríðarlegu sveiflur sem hafa verið í rekstrarumhverfi og afkomu sveitarfélaganna á liðnum áratug. Fyrstu þrjú árin á tímabilinu er afkoman nokkuð í jafnvægi en þó heldur lakari en vera þyrfti. Hún batnar síðan ár frá ári fram til ársins 2007. Þá hrynur afkoma sveitarfélaganna við efnahagshrunið. Árin 2008 og 2009 eru sveitarfélögunum mjög erfið. Á árinu 2010 eru fjármagnsliðir jákvæðir. Ástæða þess er fyrst og fremst hagstæð gengisþróun. Þar er ekki alfarið um raunverulegar tekjur að ræða heldur vega áhrif af breytingum á gengi íslensku krónunnar þungt í þessu sambandi. Það breytist síðan aftur verulega á árunum 2011 og 2012 þegar fjármagnsliðir eru með neikvæða útkomu. Þessar sveiflur í stórum liðum sem sveitarfélögin hafa enga möguleika á að hafa áhrif á gerir erfiðara fyrir þau að stýra fjármálum sínum. Heildarframlegð sveitarfélaganna er aftur á móti mun hærri á árinu 2012 en nokkur fyrri ár og hefur hún þróast hægt og bitandi í rétta átt.

SKULDIR SVEITARFÉLAGA

Yfirlit um skuldir sveitarfélaga og skuldbindingar þeirra á árunum 2002-2012 kemur fram á mynd 2.6. Þar er gefið yfirlit um langtímaskuldir, skammtímaskuldir og skuldbindingar. Verðlag hefur verið fært upp til verðlags ársins 2012 með hliðsjón af þróun neysluvísitölu með húsnæðiskostnaði. Heildarskuldir sveitarfélaganna hafa á þessu tímabili vaxið úr rúnum 129 ma.kr. upp í 215 ma.kr. eða um 60%. Þegar skuldbindingar eru teknar með, sem nú eru eingöngu lífeyrisskuldbindingar, hefur hækkunin orðið úr 193 ma.kr. í 266 ma.kr. Skuldir sveitarfélaga lækka heldur að raungildi á árunum 2005 og 2006 miðað við fyrri ár en vaxa aftur á árinu 2007. Ástæða þessarar miklu hækkunar milli árunna 2009 og 2010 er að nú eru allar skuldbindingar sem áður voru utan efnahags færðar í efnahagsreikning sveitarfélaganna. Langtímaskuldir sveitarfélaganna hafa lækkað umtalsvert frá árinu 2010 eða um nær 20 ma.kr.



Mynd 2.6. Skuldir og skuldbindingar á árunum 2002–2012.

Skuldbindingar sem færðar voru utan efnahags voru m.a. til komnar vegna sölu og endurleigu fasteigna svo og vegna samninga um einkaframkvæmd. Áður voru það einungis fá sveitarfélög sem færðu slíkar skuldbindingar inn í efnahagsreikning sveitarfélagsins. Þannig hafa orðið ýmsar breytingar á þessu umhverfi á liðnum árum að það er tæplega sambærilegt að öllu leyti milli ára en heildarþróunin sést þó glögg. Í þróun efnahagsreiknings sveitarfélaganna koma einnig fram hin gríðarlegu áhrif efnahagshrunsins og gengishruns krónunnar á árunum 2008 og 2009 í formi mikillar hækkunar langtímaskulda. Skammtímaskuldir hækkuðu nokkuð stöðugt fram til ársins 2008 en hafa heldur lækkað síðustu árin. Árið 2012 er þó undantekning þar á en þá hækka skammtímaskuldir um 6,0 ma.kr.


Í þessari samantekt eru ekki taldar með skuldir B-hluta fyrirtækja og stofnana sveitarfélaganna svo sem félaglega íbúðakerfisins, hafnarsjóða og veitufyrirtækja. Þessi fyrirtæki eiga að standa undir skuldum sínum með sjálfsaflafé í gegnum þjónustugjöld eða aðrar tekjur. Það liggur þó ljóst fyrir að það er of víða sem það gengur ekki upp. Þar er fyrst og fremst um að ræða félagslega íbúðakerfið en einnig verða ýmis sveitarfélög að taka á sig fjárhagsútlát vegna reksturs og skulda hafnarsjóða. Það gerist í þeim tilvikum þar sem tekjur hafnarsjóðsins nægja ekki til að standa undir rekstri þeirra og/eða afborgunum af skuldum og skuldbindingum. Því liggur ljóst fyrir að ýmis sveitarfélög þurfa að standa undir stærri skuldabyrði með

skatttekjum sínum en kemur fram í reikningum sveitarsjóða. Staða þeirra mála er hins vegar afar mismunandi milli einstakra sveitarfélaga.

Þegar fjallað er hér um skuldbindingar sveitarfélaganna er fyrst og fremst verið að tala um lífeyrisskuldbindingar. Heildarlífeyrisskuldbindingar sveitarfélaga lækka verulega á árinu 2007 þegar Reykjavíkurborg og Akureyrarkaupstaður selja eignarhlut sinn í Landsvirkjun og andvirðið er notað til að greiða niður lífeyrisskuldbindingar.


Þróun á hlutfalli milli skulda og tekna skiptir máli varðandi það hve auðvelt er fyrir sveitarfélögin að standa við skuldir og skuldbindingar sínar. Í mynd 2.7 kemur fram hvert hlutfallið hefur verið á milli tekna og skulda án/með skuldbindingum á árunum 2002–2012.

Mynd 2.7. Hlutfall skulda af tekjum 2002–2012.




Hlutfall tekna á móti skuldum sveitarsjóðs breytist frekar lítið á fyrstu þremur árum tímabilsins og eru þá tekjur sveitarfélaganna í heild sinni tæplega 20% hærri en skuldir þeirra á þessu tímabili. Á árinu 2005 hækkar þetta hlutfall töluvert og eru tekjur sveitarfélaga um 30% hærri en heildarskuldir án skuldbindinga. Sama þróun heldur áfram á árunum 2006 og 2007. Hlutfallið milli tekna og skulda versnar síðan verulega á árinu 2008 en þá eru tekjur einungis um 9% hærri en skuldir, en skuldir og skuldbindingar orðnar hærri en heildartekjur. Hlutfallið versnar síðan enn á árinu 2009 vegna gríðarlegrar hækkunar lána í kjölfar gengisfellingar krónunnar og hækkandi verðbólgu. Hlutfallið milli tekna og skulda versnar síðan enn á árinu 2010 þegar skuldbindingum utan efnahags er bætt inn í efnahagsreikning sveitarfélaganna. Þetta hlutfall hefur síðan farið batnandi á árunum 2011 og 2012. Það á við bæði þegar skuldum með eða án skuldbindinga. Í mynd 2.7 er reiknað með brúttó-skuldum sveitarfélaganna, en handbært lausafé er ekki dregið frá útistandandi skuldum. Á mynd 2.8 er sama hlutfall birt þegar búið er að draga veltufjármuni frá skuldum.

Þessi kennitala segir ákveðna sögu en vissulega ber margs að gæta áður en farið er að draga beinar ályktanir af henni.



Mynd 2.8. Hlutfall skulda af tekjum 2002–2012 að teknu tilliti til veltufjármuna.

Staða einstakra sveitarfélaga hvað þessa kennitölu varðar er afar misjöfn. Sum sveitarfélög, sérstaklega þau minni, skulda mjög lítið og eiga jafnvel handbært lausafé umfram skuldir. Önnur eru mjög skuldsett þegar skuldastaðan er sett í hlutfall við heildartekjur sveitarfélagsins. Í nýjum sveitarstjórnarlögum er miðað við að ef heildarskuldir að frádregnum veltufjármunum fari yfir yfir 150% af heildartekjum sé aðgæslu þörf. Fróðlegt er að skoða stöðu sveitarfélaganna hvað þessa kennitölu varðar fyrir árið 2012. Niðurstaðan kemur fram á mynd 2.9.



Mynd 2.9. Hlutfall skulda og skuldbindinga af heildartekjum að frádregnum veltufjármunum árið 2012 eftir sveitarfélögum.

Í þeim sveitarfélögum þar sem niðurstaðan er neikvæð eru veltufjármunir hærri en heildarskuldir. Á myndinni kemur síðan fram góð hugmynd um hve stór hluti sveitarfélaganna liggur yfir 150% markinu. Þeim hefur fækkað nokkuð frá fyrra ári. Upplýsingar um stærð sveitarfélaganna myndu gefa enn skýrari upplýsingar um stöðu þessara mála en þær liggja ekki fyrir hér.

SJÓÐSTREYMI

Hlutfall milli tekna og rekstrargjalda annars vegar og tekna og skulda sveitarfélaga hins vegar segir ákveðna sögu um afkomu þeirra og fjárhagslega stöðu. Það skiptir þó ekki síður máli að fá yfirlit um hve mikið fjármagn sveitarfélagið hefur tiltækt þegar búið er að greiða allan daglegan rekstur.

Sjóðstreymi er heiti á breytingu á handbæru fé eða sjóðseign félags á ákveðnu rekstrartímabili, til dæmis frá upphafi til loka ársins. Eins og nafnið bendir til streymir ýmist í sjóðinn eða úr honum. Þrennt hefur áhrif á sjóðsstöðu fyrirtækis: rekstrarhreyfingar, fjárfestingahreyfingar og fjármögnunarhreyfingar.


Sé afkoma tímabilsins (jákvæð rekstrarafkoma eða tap) leiðrétt vegna tekna og gjalda sem ekki hafa áhrif á sjóðsstöðu fæst svokallað *veltufé frá rekstri*. Veltufé frá rekstri er sjóðstreymistala sem lýsir fjármunamyndun á tímabilinu. Oftast er þessi tala svipuð rekstrarafkomunni að viðbættum gjaldfærðum afskriftum og breytingum á lífeyrisskuldbindingum á tímabilinu. Fjármunir samkvæmt skilgreiningu á veltufé frá rekstri eru hins vegar ekki það sama og *handbært fé*. Fjármunir eru þannig handbært fé auk rekstrartengdra eigna og skulda (skammtímalíða). Þetta eru til dæmis birgðir, viðskiptakröfur eða viðskiptaskuldir, það er fjármunir sem tengjast rekstri félagsins eða verða til við reksturinn. Þó svo að sveitarfélag sýni góða rekstrarafkomu og fjármunamyndun sé mikil kann svo að vera að lítið eða ekkert af fjármuninum hafi skilað sér í handbæru fé. Til dæmis getur verið að viðskiptakröfur hafi aukist til muna og viðskiptaskuldir hafi verið greiddar niður í stórum stíl á tímabilinu. Þegar búið er að taka tillit til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum, fæst hversu mikilli peningamyndun reksturinn hefur staðið fyrir á tímabilinu og er niðurstöðutalan kölluð handbært fé frá rekstri. Þessi sjóðstreymistala er mikilvæg þegar verið er að meta hæfni til að greiða afborganir af skuldum og standa undir nauðsynlegum fjárfestingum. Er þá bæði horft nokkur ár til baka og fram í tímann.

Sjóðstreymi í rekstrarreikningi sveitarfélags leiðir í ljós hvaðan það fjármagn kemur sem sveitarfélagið hefur til ráðstöfunar að rekstrarkostnaði greiddum. Er það frá rekstrinum sem munur tekna og gjalda, er það komið til vegna sölu eigna eða vegna lántöku? Tekið er tillit til þeirra kostnaðarliða sem ekki fela í sér bein útgjöld svo sem afskriftir, breyting lífeyrisskuldbindinga eða áhrifa verðbóta og gengismunar. Því meira sem handbært fé er frá rekstri, því sterkari er fjárhagsleg staða sveitarfélagsins.

Hér á eftir verður farið yfir hver þróun nokkurra grundvallarstærða í afkomu sveitarfélaganna hefur verið á þessu sviði á árunum 2002–2012. Upplýsingar um þessi atriði er einungis fyrir hendi frá þeim tíma sem liðinn er frá upptöku nýrra reikningskila.


Á mynd 2.10 kemur fram hvernig veltufé frá rekstri hefur þróast á árunum 2002–2012. Upplýsingar eru settar fram á verðlagi ársins 2012, uppreiknað með vísitölu neysluverðs. Veltufé frá rekstri lækkaði heldur á árinu 2003 miðað við árið 2002 en jókst síðan jafnt og þétt á árunum 2004 til 2007. Mikil aukning á árinu 2007 vekur sérstaka athygli. Veltufé frá rekstri lækkar síðan verulega á árinu 2008 en er þó hærra en það var á árunum 2004 og 2005. Á árinu 2009 lækkar það síðan enn meir og er rétt fyrir ofan það sem lægst hefur verið á tímabilinu. Síðan hefur það hækkað jafnt og þétt á hverju ári og er nú orðið með því hærra á tímabilinu.

Leggja ber áherslu á að hér er um að ræða niðurstöðu fyrir landið í heild sinni. Staða þessara mála getur síðan verið afar mismunandi milli einstakra sveitarfélaga.



Mynd 2.10. Veltufé frá rekstri á árunum 2002–2012.


Mikill munur er á milli sveitarfélaga hve miklu fjármagni rekstur sveitarfélagsins skilar til greiðslu afborgana og til að standa undir fjárfestingum. Hafa ber í huga að ýmis önnur atriði skipta máli í þessu sambandi. Þegar vextir voru hærrí þá skipti máli hve miklar fjármagnstekjur sveitarfélagið hafði ef það átti eignir sem skiluðu góðri ávöxtun. Nú hafa innlánsvextir lækkað það mikið að möguleikar á miklum vaxtatekjum hafa minnkað verulega. Því skiptir meiru máli en áður að reksturinn sé sjálfbær frá ári til árs. Sveitarfélag sem skilar óviðunandi veltufé frá rekstri ár eftir ár lendir fyrr eða síðar í rekstrarlegum vandræðum. Þessi mikli munur sem er milli einstakra sveitarfélaga kemur vel fram í mynd 2.11 þar sem veltufé frá rekstri er sett sem hlutfall af heildartekjum.



Mynd 2.11. Veltufé frá rekstri sem hlutfall af heildartekjum 2012 eftir sveitarfélögum.


Þeim sveitarfélögum sem hafa neikvætt veltufé frá rekstri á árinu 2012 hefur heldur fækkað nokkuð frá fyrra ári. Það bendir til að afkoma sveitarfélaganna hafi batnað. Handbært fé er sett í samhengi við fjárfestingar sveitarfélaganna á mynd 2.12. Þar kemur fram yfirlit um fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum, söluverð varanlegra rekstrarfjármuna og að lokum handbært fé frá rekstri. Mismunurinn gefur til kynna í grófum dráttum lánsfjárförfina hverju sinni svo staðan sé sett upp á nokkuð einfaldan hátt.

Mynd 2.12. Fjárfestingar, söluverð eigna og handbært fé frá rekstri.



Á mynd 2.12 kemur glögg fram hve munur milli fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum annars vegar og söluverði rekstrarfjármuna og handbærs fjár frá rekstri hefur breyst á þeim árum sem til umfjöllunar eru. Athygli skal þó vakin á því að hér er um að ræða upplýsingar á verðlagi hvers árs. Fyrst og fremst er verið að bera saman fjárfestingarkostnað annars vegar og hins vegar handbært fé og söluverð varanlegra rekstrarfjármuna. Á árunum 2002–2004 var kostnaður við fjárfestingar hærrí en samanlagt söluverð fastafjármuna og handbært fé frá rekstri. Á árunum 2005–2007 er söluverð fastafjármuna og handbært fé frá rekstri hærra en sem nemur brúttó-fjárfestingum og er munurinn langmestur á árinu 2007. Þetta breytist síðan gríðarlega á árunum 2008 og 2009. Á árinu 2008 eru fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum rúmlega tvöfalt hærri en söluverð varanlegra rekstrarfjármuna og handbært fé frá rekstri og munurinn er síðan enn meiri á árinu 2009. Fjárfesting minnkar heldur á árinu 2010 miðað við síðasta ár en handbært fé frá rekstri um tvöfaldast. Á árunum 2011 og 2012 er fjárfesting áfram heldur lág en handbært fé frá rekstri eykst nokkuð frá fyrra ári. Sérstaka athygli vekur að söluverð varanlegra rekstrarfjármuna er sáralítið frá og með árinu 2008.

Lánsfjárförf sveitarfélaganna tekur nokkuð mið af því hlutfalli sem er lýst í myndum 2.7 og 2.8. Yfirlit um hana kemur betur fram á mynd 2.13. Þar kemur bæði fram að lántökur sveitarfélaga eru töluvert hærri á seinni árum miðað við fyrri hluta tímabilsins. Á árinu 2007 er munurinn á nýjum langtímalánum og niðurgreiðslu langtímalána gríðarlegur. Á seinni árum eru ný lán hærri en afborganir langtímalána. Það þýðir að skuldir fara vaxandi. Vitaskuld er staða sveitarfélaga hvað þetta varðar misjöfn. Hér eru einungis tekin fyrir þau lán sem sveitarsjóðir hafa tekið en ekki lán stofnana sveitarfélaga svo sem veitustofnana og hafnarsjóða. Hér er ekki gerður greinarmunur á skammtímalánum og langtímalánum heldur eru þau tekin fyrir í einu lagi. Ekki er heldur gerður greinarmunur á erlendum lánum, lánum í erlendri mynt eða lánum í íslenskum krónum. Það er skipting sem getur verið áhugavert að fá nánari upplýsingar um. Eftir því sem stærri hluti af lánum sveitarfélaganna er í erlendri mynt þeim mun meiri áhrif hafa breytingar á gengi íslensku krónunnar á rekstrarafkomu þeirra.



Mynd 2.13. Lántaka sveitarfélaga og afborganir langtímalána árin 2002–2012.

Á mynd 2.13 kemur glögt í ljós hve hlutfallið milli lántöku og afborgana langtímalána hefur breyst mikið hjá sveitarfélögunum á síðustu árum. Árið 2007 koma fram áhrif á sölu stórra sveitarfélaga á hlut sínum í veitufyrirtækjum eins og Landsvirkjun. Frá og með árinu 2008 er þróun þessara mála mjög greinileg. Það dregur úr lántöku en áhersla sveitarfélaga á að greiða niður lán eykst ár frá ári. Þessi þróun er bæði jákvæð og neikvæð. Samdráttur í fjárfestingum dregur úr atvinnu og hefur þannig áhrif á að framlengja núverandi ástand. Á hinn bóginn er það jákvætt fyrir fjárhag sveitarfélaga til lengri tíma lítið ef þau greiða niður skuldir og létta þannig á rekstrinum hvað varðar vaxtagreiðslur og afborganir. Til lengri tíma lítið skapar það aukið svigrúm fyrir aukna þjónustu og/eða lægri skatta.

AÐ LOKUM

Hér að framan hefur verið farið yfir nokkur helstu atriðin er varðar afkomu sveitarfélaganna á árunum 2002–2012. Afkoma sveitarfélaganna hefur batnað í heildina tekið á árinu 2012 og þannig orðið framhald á þróun síðustu ára. Staðreynd er þó að afkoma sveitarfélaganna er vitanlega nokkuð misjöfn þegar afkoma einstakra sveitarfélaga er skoðuð nánar. Skuldsetning er í nokkrum tilvikum það mikil að viðkomandi sveitarfélög eiga fyrir höndum vandasama vegferð. Hjá öðrum skilar reksturinn of litlum afgangi svo erfitt er að standa undir afborgunum og vöxtum enda þótt skuldir séu ekki óhóflega miklar sem hlutfall af tekjum. Hjá enn öðrum er afkoman góð og skuldir hóflegar.

Samantekt: Gunnlaugur A. Júlíusson – hag- og upplýsingsvið sambandsins.

3 FJÁRMÁL SVEITARFÉLAGA Í ÞJÓÐHAGSLEGU SAMHENGI

Í stuttu máli verður hér farið yfir helstu hagstærðir í fjármálum sveitarfélaga samkvæmt uppgjöri þjóðhagsreikninga.² Í töflu 3.1 eru tekjur sveitarfélaga settar í samhengi við tekjur hins opinbera og sömuleiðis landsframleiðslu til að sýna hlut sveitarfélaga í búskap hins opinbera, sem takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, A-hluta sveitarfélaga og almannatryggingar.³ Heildartekjur hins opinbera námu 43,6% af landsframleiðslu árið 2012 og er hlutur sveitarfélaga 30,5% eða 13,3% af landsframleiðslu, sem er svipað hlutfall og 2011 en á því ári hafði það hækkað allnokkuð vegna flutnings málefna fatlaðra til sveitarfélaga.

Tafla 3.1. Fjármál hins opinbera

Í milljörðum króna	2000	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Tekjur hins opinbera	297,8	340,5	360,0	409,5	483,6	560,5	623,8	653,6	614,3	637,3	680,9	740,3
Tekjur sveitarfélaga	78,8	96,1	101,9	112,8	130,7	161,2	185,3	193,4	189,3	192,6	214,8	225,7
Tekjur sveitarfélaga % af tekjum hins opinbera	26,5	28,2	28,3	27,5	27,0	28,8	29,7	29,6	30,8	30,2	31,6	30,5
Landsframleiðsla (VLF)	683,7	816,5	841,5	930,1	1.025,7	1.168,6	1.308,5	1.480,3	1.497,6	1.536,5	1.626,3	1.698
Tekjur hins opinbera % af VLF	43,6	41,7	42,8	44,0	47,1	48,0	47,7	44,1	41,0	41,5	41,9	43,6
Tekjur sveitarfélaga % af VLF	11,5	11,8	12,1	12,1	12,7	13,8	14,2	13,1	12,6	12,5	13,2	13,3

AFKOMA

Tekjuafkoma⁴ sveitarfélaga 2012 vernaði lítillega frá árinu á undan, en hún varð neikvæð um 7,3 ma.kr. eða 0,4% af landsframleiðslu og 3,3% af tekjum þeirra. Til samanburðar var tekjuafkoman neikvæð um 4,8 ma.kr. árið 2011 (0,3% af landsframleiðslu og 2,2% af tekjum) og 13 ma.kr. 2010. Meginskýringin liggur í aukinni fjárfestingu sem hækkaði um 3,2 ma.kr. milli ára. Frá árinu 2007 hafa tekjur sveitarfélaga rýrnað um rúmlega 11% að raungildi miðað við verðvísitölu landsframleiðslunnar eða um 29 ma.kr.

² Frekari upplýsingar er að finna í Hagtíðindahefti Hagstofu Íslands um Fjármál hins opinbera 2013 frá 10. september síðastliðnum.

³ Hefðbundin skilgreining á hinu opinbera samkvæmt þjóðhagsreikningum afmarkar það við þá starfsemi sem fjármögnuð er með álagningu skatta en ekki með tekjum af sölu á vöru og þjónustu á almennum markaði. Í þessu felst að atvinnustarfsemi á vegum hins opinbera, sem fjármögnuð er að mestu með sölu á vöru og þjónustu, er ekki talin til hins opinbera geira samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu, heldur til fyrirtækjageira hagkerfisins.

⁴ Tekjuafkoman mælir mismun tekna og rekstrar- og fastafjárútgjalda. Þessi jöfnuður gefur til kynna hvort sveitarfélögin leggi öðrum aðilum hagkerfisins til fjármagn nettó eða tekur til sín fjármagn nettó

Á sama tíma drógust útgjöldin saman um rúmlega 4% að raungildi eða um 11 ma.kr.⁵ Langmest er tekjulækkunin í gatnagerðargjöldum, tekjum af sölu byggingarréttar og eignatekjum, en árið 2007 skiluðu þessi tekjustofnar 31 ma.kr. til sveitarfélaganna samanborið við 11,5 ma.kr. 2012. Á útgjaldahliðinni er samdrátturinn mestur í fjárfestingu sveitarfélaganna en hún var 19,7 ma.kr. 2012 samanborið við 16,5 ma.kr. 2011. Hámarki náði fjárfestingin 2008 eða rúmlega 35 ma.kr. en hún var ríflega 32 ma.kr. 2007. Samneysla sveitarfélaganna var ríflega 160 ma.kr. á síðasta ári og jókst 5,6 ma.kr. milli ára eða um 3,6%, en að magni dróst hún saman um tæp 1,7%. Eins og lesa má í töflu 2 var rekstrarafkoma⁶ sveitarfélaganna jákvæð um 1,9 ma.kr. á árinu 2012, en hún hafði verið neikvæð árin 2009–2010. Til samanburðar var rekstrarafkoman jákvæð um rúma 34 ma.kr. 2007 eða 18,4% af tekjum.

Tafla 3.2. Fjármál sveitarfélaga

Í milljörðum króna	2000	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Heildartekjur sveitarfélaga	78,8	96,1	101,9	112,8	130,7	161,2	185,3	193,4	189,3	192,6	214,8	225,7
Heildarútgjöld sveitarfélaga	81,7	106,8	108,3	119,9	129,7	157,4	177,3	206,3	204,2	205,5	217,0	233,1
Tekjuafkoma sveitarfélaga	-2,9	-10,7	-6,4	-7,1	1,0	3,8	8,0	-12,9	-15,0	-12,9	-2,1	-7,3
Rekstrarafkoma sveitarfélaga	6,9	2,5	2,0	7,6	14,4	28,1	34,1	14,9	-2,4	-0,7	4,7	1,9
<i>Hlutfall af tekjum:</i>												43,6
Tekjuafkoma sveitarfélaga	-3,7	-11,1	-6,3	-6,3	0,8	2,3	4,3	-6,7	-7,9	-6,7	-1,0	-3,3
Rekstrarafkoma sveitarfélaga	8,8	2,6	2,0	6,7	11,0	17,4	18,4	7,7	-1,3	-0,4	2,2	0,8

TEKJUR

Heildartekjur sveitarfélaganna námu um 226 ma.kr. árið 2012 og hækkuðu um 11 ma.kr. milli ára. Þar af voru skatttekjur um 165 ma.kr., framlög frá ríkissjóði 24,3 ma.kr. og aðrar tekjur 36,6 ma.kr. Útsvarstekjur eru lang umfangs mesti tekjustofn sveitarfélaganna og skiluðu 135 ma.kr. 2012 eða um 60% tekna þeirra. Af öðrum skattstofnum gáfu fasteignaskattar 28,4 ma.kr. og neyslu- og leyfisskattar 1,2 ma.kr. Eins og sést í töflu 3.3 hafa tekjur sveitarfélaga vaxið úr því að vera 11,53% af landsframleiðslu árið 2000 í 13,3% árið 2012. Hámarki náðu þær 2007 á þennan mælikvarða eða 14,2%. Af öðrum tekjum sveitarfélaganna voru eignatekjur 10,2 ma.kr. árið 2012 og sala á vöru og þjónustu 25,5 ma.kr. Sjá nánari sundurgreiningu tekna sveitarfélaga í töflu 3.8.

⁵ Yfirtaka á þjónustu við fatlað fólk reiknast hér með.

⁶ Rekstrarjöfnuður eða hreinn sparnaður mælir mismun rekstrartekna og rekstrargjalda, og gefur til kynna hversu mikið sveitarfélögin hafa afgang af rekstri til fastafjárútgjalda eða aukningar peningalegra eigna.

Tafla 3.3. Megintekjustofnar sveitarfélaga 2000–2012.

Í milljörðum króna	2000	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Heildartekjur	78,8	96,1	101,9	112,8	130,7	161,2	185,3	193,4	189,3	192,6	214,8	225,7
Skatttekjur	59,4	71,3	74,8	82,9	95,4	117,5	133,1	140,6	138,6	138,0	155,7	164,8
Útsvarstekjur	46,0	58,2	61,1	66,2	74,5	85,5	98,0	105,9	107,6	106,8	126,0	135,1
Fasteignaskattar	10,1	10,1	11,0	12,1	13,9	16,9	20,6	25,8	27,5	28,4	27,6	28,4
Neyslu- og leyfisskattar	3,3	2,8	2,6	4,6	6,9	15,0	14,5	8,9	3,5	2,8	2,1	1,2
Framlög frá ríkissjóði	6,6	8,6	10,1	10,4	11,1	14,1	17,4	18,8	18,7	21,4	24,8	24,3
Aðrar tekjur	12,8	16,2	17,0	19,4	24,2	29,6	34,7	34,0	32,0	33,2	34,3	36,6
<i>Hlutfall af VLF</i>												
Heildartekjur	11,53	11,77	12,11	12,12	12,74	13,79	14,16	13,05	12,64	12,53	13,21	13,3

ÚTGIJÖLD

Heildarútgjöld sveitarfélaga 2012 voru 233 ma.kr. eða 13,7% af landsframleiðslu og hækkuðu um 13,6 ma.kr. milli ára. Miðað við verðvísitölu samneyslunnar hækkuðu útgjöld sveitarfélaga um 1,5 ma.kr. milli ára að raungildi. Launagreiðslur sveitarfélag voru 104 ma.kr. kaup á vöru og þjónustu um 72 ma.kr. og fjárfesting þeirra 19,7 ma.kr. Mikil samdráttur hefur orðið í fjárfestingu sveitarfélaga síðustu fjögur árin, en hún varð 83 ma.kr. á verðlagi 2012 þessi fjögur ár samanborið við 160 ma.kr. á verðlagi 2012 næstu fjögur árin þar á undan.

Tafla 3.4. Hagræn flokkun útgjalda sveitarfélaga 2000–2012.

Í milljörðum króna	2000	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Heildarútgjöld	81,7	106,8	108,3	119,9	129,7	157,4	177,3	206,3	204,2	205,5	217,0	217,0
Laun	37,1	46,5	49,7	52,6	60,0	68,1	74,1	83,1	89,4	90,4	98,1	98,1
Kaup á vöru og þjónustu	20,7	28,9	30,2	31,3	33,4	39,4	47,7	58,4	60,9	62,6	67,0	67,0
Vaxtagjöld	4,0	4,4	4,2	4,1	4,2	5,0	6,1	8,2	6,7	7,2	7,9	7,9
Framleiðslustyrkir	1,8	1,7	1,9	2,2	2,5	2,9	3,4	3,9	3,2	3,2	3,3	3,3
Félagslegar tilfærslur til heimila	2,3	4,5	5,0	5,4	5,1	5,0	5,6	6,9	9,2	10,3	12,1	12,1
Önnur tilfærsluútgjöld	2,2	3,6	4,5	5,1	6,0	7,0	8,1	10,5	13,6	10,5	12,2	12,2
Fjárfesting	13,5	17,2	12,7	19,3	18,5	30,0	32,3	35,1	21,2	21,2	16,3	16,3
Heildarútgjöld % af VLF	11,95	13,08	12,87	12,89	12,64	13,47	13,55	13,92	13,64	13,37	13,34	13,72

Tafla 3.5. Meginmálaflokkar sveitarfélaga 2000–2012.

Í milljörðum króna	2000	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Heildarútgjöld	81,7	106,8	108,3	119,9	129,7	157,4	177,3	206,3	204,2	205,5	217,0	233,1
Æðsta stjórnýsla	3,6	7,5	7,7	8,0	9,9	11,1	13,5	16,3	16,2	16,9	17,3	19,2
Vaxtagjöld	4,0	4,4	4,2	4,1	4,2	5,0	6,1	8,2	6,7	7,2	7,9	9,6
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	1,9	1,3	1,8	1,7	1,6	1,4	1,7	2,1	2,1	2,0	2,0	2,1
Efnahags- og atvinnumál	10,7	10,1	8,9	11,9	12,0	18,4	21,0	24,0	17,9	14,8	13,2	19,6
Umhverfismál	3,2	3,2	3,1	3,5	3,5	3,8	3,9	4,8	4,8	4,6	4,7	4,7
Húsnæðis-, skipulags- og veitumál	2,3	5,4	3,2	3,5	3,6	7,1	4,8	6,2	5,4	4,7	4,6	6,1
Heilbrigðismál	0,9	0,8	0,9	0,9	1,0	1,2	1,4	1,4	1,2	1,4	1,4	1,3
Menningar og íþróttamál	12,3	16,0	18,9	21,4	21,6	27,2	33,4	38,0	36,6	38,2	37,8	36,1
Fræðslumál	31,7	40,9	41,0	44,9	51,1	58,5	63,9	73,3	75,3	74,9	75,8	80,5
Velferðarmál	11,3	17,1	18,6	19,9	21,2	23,7	27,6	32,1	38,0	40,7	52,3	53,9

Af útgjöldum sveitarfélaga 2012 runnu 80,5 ma.kr. til fræðslumála eða 34,5% útgjalda þeirra. Til velferðarmála (félagsmála) um 54 ma.kr. og til menningar- og íþróttamála 36 ma.kr. Þessir þrjú málaflokkar taka til sín rúmlega 170 ma.kr.eða um þrjá fjórðu hluta útgjalda sveitarfélaga. Til efnahags- og atvinnumála var ráðstafað um 19,6 ma.kr. og til stjórnýslunnar 19,2 ma.kr. Vaxtakostnaður sveitarfélaganna var 9,6 ma.kr. árið 2012.

PENINGALEGAR EIGNIR OG SKULDIR

Peningaleg eign sveitarfélaga nam um 131 ma.kr. í árslok 2012 eða sem nemur 7,7% af landsframleiðslu. Á sama tíma námu skuldir þeirra ríflega 244 ma.kr. eða 14,4% af landsframleiðslu.

Tafla 3.6. Peningalegar eignir og skuldir sveitarfélaga 2002–2012.

Í milljörðum króna	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Peningalegar eignir	86,6	89,4	94,5	98,7	106,6	118,0	132,6	139,1	130,1	130,0	130,8
Skuldir	108,3	121,7	131,7	136,4	153,1	135,6	194,2	224,8	224,6	260,0	244,4
Lántökur	62,4	66,3	67,0	64,5	59,5	63,1	111,7	141,7	139,7	172,4	142,2
Lífeyrisskuldbindingar	35,7	43,0	47,6	53,3	63,0	37,4	39,4	38,4	38,0	43,8	50,1
Viðskiptaskuldir	10,2	12,4	17,0	18,5	30,6	35,1	43,2	44,7	46,9	43,7	52,1
Hrein peningaleg eign	-21,7	-32,3	-37,2	-37,7	-46,5	-17,6	-61,7	-85,8	-94,4	-129,9	-113,6
Peningalegar eignir % af VLF	10,61	10,62	10,16	9,62	9,12	9,02	8,95	9,29	8,47	8,00	7,7
Skuldir % af VLF	13,27	14,46	14,16	13,29	13,10	10,36	13,11	15,01	14,61	15,99	14,4
Hrein peningaleg eign % af VLF	-2,66	-3,84	-3,99	-3,67	-3,98	-1,35	-4,16	-5,73	-6,14	-7,99	-6,7

Tafla 3.7. Rekstrarreikningur sveitarfélaga 2003–2012.

Milljónir króna	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
1 HEILDARTEKJUR	101.929	112.754	130.681	161.176	185.263	193.381	189.279	192.585	214.676	225.734
11 Skatttekjur	74.821	82.937	95.393	117.463	133.143	140.625	138.563	137.981	155.839	164.797
111 Skattar á tekjur og hagnað	61.123	66.200	74.465	85.528	98.003	105.940	107.617	106.797	126.584	135.114
112 Skattar á laungreiðslur og vinnuafli	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
113 Eignarskattar	10.963	12.063	13.931	16.857	20.567	25.770	27.485	28.406	28.217	28.439
114 Skattar á vöru og þjónustu	2.645	4.570	6.904	15.007	14.528	8.899	3.459	2.778	1.038	1.244
115 Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
116 Aðrir skattar	89	104	93	71	45	16	3	0	0	0
12 Tryggingagjöld	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
13 Fjárframlög	10.084	10.376	11.116	14.140	17.406	18.783	18.714	21.442	24.826	24.309
131 Frá erlendum opinberra aðila	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
132 Frá alþjóðastofnunum	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
133 Frá opinberum aðilum	10.084	10.376	11.116	14.140	17.406	18.783	18.714	21.442	24.826	24.309
14 Aðrar tekjur	17.024	19.441	24.172	29.572	34.714	33.974	32.001	33.162	34.011	36.628
141 Eignatekjur	5.610	6.854	9.239	14.303	16.512	13.625	8.913	9.420	11.256	10.238
142 Sala á vöru og þjónustu	10.931	12.154	14.059	14.508	17.316	19.193	21.237	21.915	21.646	25.458
143 Sektir og skaðabætur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
144 Frjáls fjárframlög	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
145 Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur	482	433	873	761	886	1.155	1.851	1.827	1.109	932
2+31 HEILDARÚTGJÖLD	108.318	119.887	129.653	157.407	177.284	206.257	204.234	205.511	219.427	233.076
2 Rekstrarútgjöld	99.879	105.156	116.262	133.118	151.184	178.472	191.694	193.333	212.442	223.511
21 Laun	49.652	52.645	60.039	68.103	74.129	83.145	89.385	90.370	98.816	103.850
22 Kaup á vöru og þjónustu	30.223	31.268	33.381	39.420	47.688	58.434	60.893	62.635	68.122	71.910
23 Afskriftir	4.303	4.604	5.066	5.680	6.173	7.359	8.649	9.036	9.485	10.113
24 Vaxtagjöld	4.205	4.065	4.215	4.951	6.068	8.180	6.708	7.242	8.576	9.602
25 Framleiðslustyrkir	1.943	2.153	2.465	2.882	3.380	3.900	3.226	3.218	4.301	4.875
26 Fjárframlög	482	462	508	700	718	868	982	1.015	1.162	1.133
261 Til erlendra stjórnvalda	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
262 Til alþjóðastofnana	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
263 Til opinberra aðila	482	462	508	700	718	868	982	1.015	1.162	1.133
27 Félagslegar tilfærslur til heimila	5.041	5.358	5.125	5.038	5.624	6.929	9.227	10.321	11.723	11.634
28 Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög	4.029	4.601	5.463	6.345	7.404	9.657	12.624	9.497	10.257	10.394
31 Fastafjárútgjöld	8.439	14.731	13.392	24.289	26.100	27.785	12.540	12.178	6.985	9.565
Fjárfesting í efnislegum eignum	12.742	19.335	18.458	29.969	32.273	35.143	21.189	21.214	16.470	19.678
Afskriftir	-4.303	-4.604	-5.066	-5.680	-6.173	-7.359	-8.649	-9.036	-9.485	-10.113
NLB TEKJUAFANGUR/HALLI (1-2-31)	-6.389	-7.133	1.028	3.769	7.979	-12.876	-14.955	-12.926	-4.751	-7.342
32 Penningaleg eignir, hreyfingar	2.888	5.081	4.223	7.953	-13.071	14.851	7.045	-7.587	947	3.309
3212 Sjóður og bankareikningar	1.242	611	3.014	2.496	11.390	4.150	3.319	4.713	-2.272	1.242
3214 Veitt lán	-575	-15	-1.229	-4.573	6.632	3.602	9.981	-11.174	5.375	608
3215 Hlutfé	732	791	2.195	2.509	-37.233	-658	2.454	1.942	335	851
3218 Viðskiptakröfur	1.489	3.694	242	7.522	6.139	7.757	-8.709	-3.068	-2.492	609
33 Skuldir, hreyfingar	9.277	12.214	3.194	4.184	-21.050	27.727	22.000	5.339	5.697	8.144
Lántökur	4.474	2.869	-2.102	-4.606	3.522	21.080	21.953	2.208	5.794	1.051
3314 Innlendar lántökur	3.321	3.515	556	-668	2.967	13.298	23.482	7.474	11.060	1.183
3324 Erlendar lántökur	1.153	-646	-2.658	-3.938	555	7.782	-1.529	-5.266	-5.266	-132
3316 Lífeyrisskuldbindingar	1.677	1.644	1.665	1.681	-29.159	-1.369	-1.498	-1.868	855	5.946
3318 Viðskiptaskuldir	3.126	7.701	3.631	7.109	4.587	8.015	1.545	4.999	-951	1.148
NOB Rekstrarjöfnuður	2.049	7.598	14.420	28.057	34.079	14.909	-2.415	-748	2.234	1.885
Samneysla (21+22+23-142)	73.247	76.363	84.427	98.695	110.674	129.745	137.689	140.125	154.777	165.060

Hrein peningaleg eign sveitarfélaga, þ.e. peningaleg eign umfram skuldir, var því neikvæð um 114 ma.kr. eða 6,7% af landsframleiðslu. Við nánari greiningu skuldanna sést að lántökur voru 142 ma.kr., lífeyrisskuldbindingar 50 ma.kr. og viðskiptaskuldir 52 ma.kr. (sjá töflu 3.6). Hrein

peningaleg eign sveitarfélaga hefur versnað verulega frá 2007 eða um 88 ma.kr. á verðlagi 2012.

Tafla 3.8. Tekjur sveitarfélaga 2003–2012.

Milljónir króna	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
11 Skatttekjur	101.929	112.754	130.681	161.176	185.263	193.381	189.279	192.585	214.676	225.734
111 Skattar á tekjur og hagnað	74.821	82.937	95.393	117.463	133.143	140.625	138.563	137.981	155.839	164.797
1111 Skattar á tekjur og hagnað, einstaklingar	61.123	66.200	74.465	85.528	98.003	105.940	107.617	106.797	126.584	135.114
1112 Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar	10.963	12.063	13.931	16.857	20.567	25.770	27.485	28.406	28.217	28.960
113 Eignarskattar	10.963	12.063	13.931	16.857	20.567	25.770	27.485	28.406	28.217	28.960
1131 Fasteignaskattar	2.645	4.570	6.904	15.007	14.528	8.899	3.459	2.778	1.038	723
114 Skattar á vöru og þjónustu	2.645	4.570	6.904	15.007	14.528	8.899	3.459	2.778	1.038	723
11452 Neyslu- og leyfisskattar	89	104	93	71	45	16	3	0	0	0
116 Aðrir skattar	10.084	10.376	11.116	14.140	17.406	18.783	18.714	21.442	24.826	24.309
1161 Aðrir skattar á atvinnurekstur	10.084	10.376	11.116	14.140	17.406	18.783	18.714	21.442	24.826	24.309
13 Fjárframlög	8.550	8.993	9.925	12.135	15.073	15.742	15.742	19.270	18.980	21.861
133 Frá opinberum aðilum	1.534	1.383	1.191	2.006	2.333	3.041	2.972	2.172	5.846	2.448
1331 Rekstrarframlög	17.024	19.441	24.172	29.572	34.714	33.974	32.001	33.162	34.011	36.628
1332 Fjárfestingarframlög	5.610	6.854	9.239	14.303	16.512	13.625	8.913	9.420	11.256	10.238
14 Aðrar tekjur	2.328	2.212	2.400	3.034	4.917	7.361	4.868	5.110	6.856	5.835
141 Eignatekjur	2.228	2.597	3.141	3.419	2.844	2.920	1.315	1.614	1.344	1.020
1441 Vaxtatekjur	1.054	2.045	3.698	7.850	8.751	3.344	2.730	2.696	3.055	3.383
1442 Arðgreiðslur	10.931	12.154	14.059	14.508	17.316	19.193	21.237	21.915	21.646	25.458
1445 Leigutekjur	162	145	112	47	146	148	67	72	73	97
142 Sala á vöru og þjónustu	10.770	12.009	13.947	14.461	17.170	19.045	21.170	21.843	21.573	25.361
1422 Neyslu- og leyfisgjöld	482	433	873	761	886	1.155	1.851	1.827	2.006	932
1423 Þjónustutekjur	101.929	112.754	130.681	161.176	185.263	193.381	189.279	192.585	214.676	225.734
145 Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur	74.821	82.937	95.393	117.463	133.143	140.625	138.563	137.981	155.839	164.797
Hlutfall af vergri landsframleiðslu										
11 Skatttekjur	8,89	8,92	9,30	10,05	10,17	9,49	9,27	8,99	9,58	9,70
111 Skattar á tekjur og hagnað	7,26	7,12	7,26	7,32	7,49	7,15	7,20	6,96	7,78	7,95
1111 Skattar á tekjur og hagnað, einstaklingar	1,30	1,30	1,36	1,44	1,57	1,74	1,84	1,85	1,74	1,71
1112 Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar	1,30	1,30	1,36	1,44	1,57	1,74	1,84	1,85	1,74	1,71
113 Eignarskattar	0,31	0,49	0,67	1,28	1,11	0,60	0,23	0,18	0,06	0,04
1131 Fasteignaskattar	0,31	0,49	0,67	1,28	1,11	0,60	0,23	0,18	0,06	0,04
114 Skattar á vöru og þjónustu	0,01	0,01	0,01	0,01	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
11452 Neyslu- og leyfisskattar	1,20	1,12	1,08	1,21	1,33	1,27	1,25	1,40	1,53	1,43
116 Aðrir skattar	1,20	1,12	1,08	1,21	1,33	1,27	1,25	1,40	1,53	1,43
1161 Aðrir skattar á atvinnurekstur	1,02	0,97	0,97	1,04	1,15	1,06	1,05	1,26	1,17	1,29
13 Fjárframlög	0,18	0,15	0,12	0,17	0,18	0,21	0,20	0,14	0,36	0,14
133 Frá opinberum aðilum	2,02	2,09	2,36	2,53	2,65	2,29	2,14	2,16	2,09	2,16
1331 Rekstrarframlög	0,67	0,74	0,90	1,22	1,26	0,92	0,60	0,61	0,69	0,60
1332 Fjárfestingarframlög	0,28	0,24	0,23	0,26	0,38	0,50	0,33	0,33	0,42	0,34
14 Aðrar tekjur	0,26	0,28	0,31	0,29	0,22	0,20	0,09	0,11	0,08	0,06
141 Eignatekjur	0,13	0,22	0,36	0,67	0,67	0,23	0,18	0,18	0,19	0,20
1441 Vaxtatekjur	1,30	1,31	1,37	1,24	1,32	1,30	1,42	1,43	1,33	1,50
1442 Arðgreiðslur	0,02	0,02	0,01	0,00	0,01	0,01	0,00	0,00	0,00	0,01
1445 Leigutekjur	1,28	1,29	1,36	1,24	1,31	1,29	1,42	1,42	1,33	1,49
142 Sala á vöru og þjónustu	0,06	0,05	0,09	0,07	0,07	0,08	0,12	0,12	0,12	0,05
1422 Neyslu- og leyfisgjöld	8,89	8,92	9,30	10,05	10,17	9,49	9,27	8,99	9,58	9,70
1423 Þjónustutekjur	7,26	7,12	7,26	7,32	7,49	7,15	7,20	6,96	7,78	7,95
145 Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur	1,30	1,30	1,36	1,44	1,57	1,74	1,84	1,85	1,74	1,71
Tekjur alls	12,11	12,12	12,74	13,79	14,16	13,05	12,66	12,55	13,20	13,29

Tafla 3.9. Heildarútgjöld sveitarfélaga, flokkuð eftir málaflokkum.

Milljónir króna	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
01 Almenn opinber þjónusta	11.904	12.103	14.119	16.069	19.564	24.431	22.870	24.124	26.092	28.764
02 Varnarmál	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
03 Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	1.760	1.658	1.561	1.418	1.712	2.113	2.085	2.047	2.157	2.128
04 Efnahags- og atvinnumál	8.918	11.920	11.976	18.404	20.992	23.979	17.936	14.788	15.340	19.624
05 Umhverfismernd	3.115	3.540	3.507	3.791	3.932	4.781	4.775	4.607	4.027	4.730
06 Húsnæðis- skipulags- og veitumál	3.196	3.467	3.618	7.142	4.772	6.190	5.361	4.749	5.129	6.103
07 Heilbrigðismál	869	928	979	1.190	1.412	1.429	1.200	1.390	1.345	1.287
08 Menningar-, íþrótt- og trúmál	18.920	21.385	21.577	27.219	33.392	37.969	36.631	38.211	34.935	36.089
09 Menntamál	41.029	44.942	51.128	58.492	63.892	73.263	75.327	74.909	79.283	80.483
10 Almennatryggingar og velferðarmál	18.609	19.943	21.188	23.684	27.616	32.103	38.048	40.688	51.119	53.870
Heildarútgjöld	108.318	119.887	129.653	157.407	177.284	206.258	204.234	205.511	219.427	233.077
Hlutfall af vergri landsframleiðslu										
01 Almenn opinber þjónusta	1,41	1,30	1,38	1,38	1,50	1,65	1,53	1,57	1,60	1,69
02 Varnarmál	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
03 Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	0,21	0,18	0,15	0,12	0,13	0,14	0,14	0,13	0,13	0,13
04 Efnahags- og atvinnumál	1,06	1,28	1,17	1,57	1,60	1,62	1,20	0,96	0,94	1,16
05 Umhverfismernd	0,37	0,38	0,34	0,32	0,30	0,32	0,32	0,30	0,25	0,28
06 Húsnæðis- skipulags- og veitumál	0,38	0,37	0,35	0,61	0,36	0,42	0,36	0,31	0,31	0,36
07 Heilbrigðismál	0,10	0,10	0,10	0,10	0,11	0,10	0,08	0,09	0,08	0,08
08 Menningar-, íþrótt- og trúmál	2,25	2,30	2,10	2,33	2,55	2,56	2,45	2,49	2,15	2,12
09 Menntamál	4,88	4,83	4,98	5,01	4,88	4,94	5,03	4,87	4,87	4,74
10 Almennatryggingar og velferðarmál	2,21	2,14	2,07	2,03	2,11	2,17	2,54	2,65	3,14	3,17
Heildarútgjöld	12,87	12,89	12,64	13,47	13,55	13,92	13,64	13,37	13,47	13,72
Innbyrðis hlutdeild										
01 Almenn opinber þjónusta	11,0	10,1	10,9	10,2	11,0	11,8	11,2	11,7	11,9	12,3
02 Varnarmál	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
03 Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	1,6	1,4	1,2	0,9	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	0,9
04 Efnahags- og atvinnumál	8,2	9,9	9,2	11,7	11,8	11,6	8,8	7,2	7,0	8,4
05 Umhverfismernd	2,9	3,0	2,7	2,4	2,2	2,3	2,3	2,2	1,8	2,0
06 Húsnæðis- skipulags- og veitumál	3,0	2,9	2,8	4,5	2,7	3,0	2,6	2,3	2,3	2,6
07 Heilbrigðismál	0,8	0,8	0,8	0,8	0,8	0,7	0,6	0,7	0,6	0,6
08 Menningar-, íþrótt- og trúmál	17,5	17,8	16,6	17,3	18,8	18,4	17,9	18,6	15,9	15,5
09 Menntamál	37,9	37,5	39,4	37,2	36,0	35,5	36,9	36,4	36,1	34,5
10 Almennatryggingar og velferðarmál	17,2	16,6	16,3	15,0	15,6	15,6	18,6	19,8	23,3	23,1
Heildarútgjöld	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Á verðlagi ársins 2012 ⁷										
01 Almenn opinber þjónusta	20.946	20.467	22.785	23.868	27.243	30.687	26.122	26.497	27.543	28.764
02 Varnarmál	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
03 Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	3.096	2.804	2.518	2.106	2.384	2.654	2.382	2.248	2.276	2.128
04 Efnahags- og atvinnumál	15.691	20.156	19.328	27.336	29.232	30.119	20.487	16.242	16.193	19.624
05 Umhverfismernd	5.481	5.986	5.659	5.630	5.476	6.005	5.454	5.060	4.250	4.730
06 Húsnæðis- skipulags- og veitumál	5.624	5.863	5.839	10.608	6.645	7.775	6.124	5.216	5.414	6.103
07 Heilbrigðismál	1.528	1.570	1.580	1.768	1.966	1.795	1.371	1.526	1.420	1.287
08 Menningar-, íþrótt- og trúmál	33.291	36.163	34.822	40.429	46.500	47.692	41.840	41.969	36.877	36.089
09 Menntamál	72.193	75.999	82.512	86.879	88.971	92.025	86.038	82.277	83.690	80.483
10 Almennatryggingar og velferðarmál	32.743	33.725	34.195	35.178	38.456	40.324	43.458	44.690	53.961	53.870
Heildarútgjöld	190.592	202.733	209.239	233.802	246.872	259.076	233.275	225.727	231.625	233.077

⁷ Útgjöld sveitarfélaga eru staðvirt með verðvísitölu samneyslnnar.

Tafla 3.10. Peningalegar eignir og skuldir sveitarfélaga.

Milljónir króna	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Peningalegar eignir	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Sjóður og bankareikningar	89.362	94.523	98.707	106.621	117.998	132.566	139.071	130.147	131.094	130.825
Lánveitingar	5.094	5.705	8.720	11.216	22.605	26.755	29.928	34.641	32.369	26.768
Hlutafé	21.567	21.653	20.425	15.852	22.484	26.086	36.067	24.894	30.269	32.975
Viðskiptakröfur	41.416	42.207	44.363	46.833	34.049	33.108	35.168	35.774	36.108	38.935
Skuldir	21.285	24.957	25.199	32.721	38.860	46.617	37.908	34.840	32.348	32.147
Lántökur	121.682	131.679	136.371	153.086	135.616	194.227	224.822	224.596	234.509	244.395
Innlendir aðilar	66.337	67.040	64.545	59.546	63.126	111.650	141.723	139.675	146.932	142.214
Erlendir aðilar	38.016	41.829	43.657	38.890	43.125	64.663	93.654	103.152	116.590	119.779
Lífeyrisskuldbindingar	28.321	25.211	20.888	20.655	20.001	46.987	48.070	36.522	30.341	22.434
Viðskiptaskuldir	42.993	47.614	53.340	62.988	37.350	39.422	38.399	37.980	43.894	50.085
Hrein peningaleg eign	12.352	17.025	18.485	30.552	35.140	43.155	44.700	46.941	43.684	52.096
Hlutfalla af vergri landsframleiðslu										
Peningalegar eignir	10,62	10,18	9,61	9,12	9,02	8,94	9,28	8,47	8,05	7,70
Sjóður og bankareikningar	0,61	0,61	0,85	0,96	1,73	1,80	2,00	2,26	1,99	1,58
Lánveitingar	2,56	2,33	1,99	1,36	1,72	1,76	2,41	1,62	1,86	1,94
Hlutafé	4,92	4,54	4,32	4,01	2,60	2,23	2,35	2,33	2,22	2,29
Viðskiptakröfur	2,53	2,69	2,45	2,80	2,97	3,14	2,53	2,27	1,99	1,89
Skuldir	14,46	14,18	13,28	13,10	10,36	13,10	15,01	14,62	14,40	14,39
Lántökur	7,88	7,22	6,29	5,10	4,82	7,53	9,46	9,09	9,02	8,37
Innlendir aðilar	4,52	4,50	4,25	3,33	3,30	4,36	6,25	6,72	7,16	7,05
Erlendir aðilar	3,37	2,71	2,03	1,77	1,53	3,17	3,21	2,38	1,86	1,32
Lífeyrisskuldbindingar	5,11	5,13	5,20	5,39	2,85	2,66	2,56	2,47	2,70	2,95
Viðskiptaskuldir	1,47	1,83	1,80	2,61	2,69	2,91	2,98	3,06	2,68	3,07
Hrein peningaleg eign	-3,84	-4,00	-3,67	-3,98	-1,35	-4,16	-5,72	-6,15	-6,35	-6,69

Samantekt: Jóhann Rúnar Björgvinsson – Hagstofa Íslands

4 JÖFNUNARSJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga starfar á grundvelli III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum. Hlutverk sjóðsins er að greiða sveitarfélögum framlög til jöfnunar á mismunandi tekjumöguleikum þeirra og útgjaldaþörf. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Innanríkisráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs og tekur ákvarðanir um úthlutun framlaga úr sjóðnum, annarra en bundinna framlaga, að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar. Nefndin er skipuð af innanríkisráðherra til fjögurra ára að aflöknum sveitarstjórnarkosningum. Fjórir nefndarmenn eru skipaðir samkvæmt tilnefningu frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, en einn er skipaður án tilnefningar og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

TEKJUR JÖFNUNARSJÓÐS

Á grundvelli 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, eru Jöfnunarsjóði tryggðar tekjur með eftirfarandi hætti, sbr. 4. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010, með síðari breytingum.

- a) Framlagi úr ríkissjóði er nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.
- b) Árlegu framlagi úr ríkissjóði er nemur 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs.
- c) Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga af álagningarstofni útsvars ár hvert
 1. er nemur 0,77% til jöfnunar vegna reksturs grunnskóla.
 2. er nemur 0,95% til jöfnunar vegna málefna fatlaðra.
- d) Vaxtatekjum.

Tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er varið til að greiða framlög úr sjóðnum á grundvelli ákvæða reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010, með síðari breytingum. Sérstakar reglugerðir og reglur kveða nánar á um greiðslur einstakra framlaga og er þeirra getið sérstaklega.

FRAMLÖG SJÓÐSINS ERU EFTIRFARANDI:

BUNDIN FRAMLÖG SKV. 6. GR.

Bundin framlög greiðast til eftirfarandi samtaka og stofnana sveitarfélaga: Sambands íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtaka sveitarfélaga, Innheimtustofnunar sveitarfélaga, Umsjónarnefndar eftirlauna og Húsafriðunarsjóðs.

SÉRSTÖK FRAMLÖG SKV. 7. GR.

Framlögin greiðast til sveitarfélaga vegna sérstakra aðstæðna í umhverfi þeirra eða rekstri. Um framlögin þarf að sækja sérstaklega að undanskildum framlögum, sbr. d-lið. Á grundvelli sérstakra framlaga eru veitt eftirfarandi framlög:

- a) Framlög til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, sbr. reglur nr. 295/2003, með síðari breytingum.
- b) Framlög til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga í samræmi við tillögur eftirlitsnefndar um fjármál sveitarfélaga.
- c) Framlög til greiðslu stofnkostnaðar við vatnsveitur á lögbýlum, sbr. reglugerð nr. 973/2000, með síðari breytingum. Bændasamtök Íslands annast stjórnábylgju varðandi meðferð umsókna og tillögugerð að úthlutun framlaganna.
- d) Framlög til jöfnunar á tekjutapi einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti í kjölfar breytingar á álagningarstofni mannvirkja, sbr. reglugerð nr. 80/2001, með síðari breytingum.
- e) Framlög til ráðstöfunar til sveitarfélaga vegna greiðslu þeirra á húsaleigubótum, sbr. reglugerð nr. 122/2003, með síðari breytingum og samkomulag ríkis og sveitarfélaga um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008. Með reglugerð nr. 1205/2012 um breytingu á reglugerð velferðarráðuneytisins um húsaleigubætur, nr. 118/2003 með síðari breytingum, voru húsaleigubætur hækkaðar 1. janúar sl. og stigin fyrstu skref í átt að nýju húsnæðisbótakerfi sem innleitt verður í áföngum. Sá kostnaðarauki sem af breytingu á reglugerðinni hlýst er borinn af ríkissjóði.
- f) Framlög til sérstakra verkefna á vegum sveitarfélaga eða samtaka þeirra sem geta haft mikla þýðingu fyrir sveitarfélög og leitt til frekari hagræðingar í rekstri þeirra og þjónustu.

JÖFNUNARFRAMLÖG SKV. 8. GR.

Til jöfnunarframlaga er varið þeim tekjum Jöfnunarsjóðs skv. a- og b-lið 4. gr. sem eru umfram ráðstöfun skv. 6. og 7. gr. reglugerðar nr. 960/2010, sbr. eftirfarandi:

- a) Tekjujöfnunarframlögum er úthlutað til að jafna tekjur sveitarfélaga. Útreiknuð framlög eru miðuð við sambærileg sveitarfélög og fullnýtingu tekjustofna þeirra. Einungis kemur til úthlutunar og greiðslu framlags hafi sveitarfélag fullnytt heimild sína til álagningar útsvars.
- b) Útgjaldajöfnunarframlögum er varið til að mæta mismunandi útgjaldþörf sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem áhrif hafa á útgjaldþörf. Framlögum er skipt í A- og B hluta. Við útreikning framlaga á grundvelli A-hlutans er tekið mið af viðmiðum er tengjast íbúafjölda, fjarlægðum innan sveitarfélags, fjölda þéttbýlisstaða umfram einn, fækkun íbúa og snjómokstri í þéttbýli. Undir B-hlutann falla framlög vegna

skólaaksturs úr dreifbýli sem er sjálfstæð eining innan útgjaldajöfnunarframlaganna.

JÖFNUNARFRAMLÖG TIL REKSTURS GRUNNSKÓLA SKV. 9. GR.

Tekjum Jöfnunarsjóðs af 0,77% hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga af álagningarstofni útsvars ár hvert að frádregnu bundnu framlagi til Sambands íslenskra sveitarfélaga er varið til að jafna launakostnað sveitarfélaga af kennslu í grunnskólum og annan kostnað af flutningi grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga, sbr. reglugerð nr. 351/2002, með síðari breytingum.

EFTIRFARANDI FRAMLÖG ERU VEITT Á GRUNDVELLI REGLUGERÐAR NR. 351/2002:

- a) Almenn framlög: Til þeirra framlaga er varið um 70% af því fjármagni sem Jöfnunarsjóður hefur til ráðstöfunar til greiðslu framlaga til reksturs grunnskóla.
- b) Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda: Um er að ræða sérstök viðbótarframlög vegna mikillar þjónustuparfar fatlaðra grunnskóla-nemenda og framlag til Reykjavíkurborgar á grundvelli samnings vegna yfirtöku á rekstri sérskóla/sérdeilda.
- c) Framlög vegna nýbúafraeðslu: Um er að ræða viðbótarframlög vegna sérstakrar íslenskukennslu nýrra Íslendinga og framlag til Reykjavíkurborgar á grundvelli samnings vegna starfa verkefnisstjóra og kennsluráðgjafa.
- d) Framlag vegna reksturs skólabúða að Reykjum: Framlag er greitt á grundvelli samnings við Húnaþing vestra sem er rekstraraðili skólabúðanna.
- e) Framlag til Barnaverndarstofu: Framlag er greitt vegna kennslu barna sem vistuð eru af stofnuninni utan lögheimilissveitarfélags. Framlagið er síðan innheimt af viðkomandi sveitarfélagi.
- f) Önnur framlög: Framlög eru greidd vegna íþyngjandi kostnaðar við rekstur grunnskóla og til einstakra verkefna til þróunar í skólastarfi. Hér fellur undir greiðsla til Reykjavíkurborgar á grundvelli samnings vegna kennslu langveikra barna með lögheimili utan Reykjavíkur.

JÖFNUNARFRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK, SKV. 10. GR.

Tekjur Jöfnunarsjóðs vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra nema 0,95% af álagningarstofni útsvars ár hvert. Þeim tekjum að viðbættum beinum framlögum á fjárlögum er varið til jöfnunar vegna þjónustu við fatlaða með greiðslu framlaga til einstakra sveitarfélaga og þjónustusvæða sbr. reglugerð nr. 510/2012.

EFTIRFARANDI FRAMLÖG ERU VEITT Á GRUNDVELLI REGLUGERÐAR NR. 510/2012

- a) Almenn framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk. Við útreikning framlaganna á árinu 2013 hefur mæld útgjaldþörf 53,34% vægi, áætlaður útsvarsstofn ársins 13,33% vægi og kostnaðarmat Jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2011 33,33% vægi.
- b) Framlög vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA). Kostnaðarhlutdeild Jöfnunarsjóðs í gerðum samningum um NPA nemur 20%.
- c) Framlög vegna breytingakostnaðar. Til breytingakostnaðar telst árlegt framlag til Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna verkefna er tengjast þjónustu við fatlað fólk á árinu, kostnaður af völdum samráðsnefndar, samræmdu mati á

stuðningsþörf, mati á faglegum og fjárhagslegum árangri tilfærslunnar, útfærslu jöfnunaraðgerða o.fl.

- d) Framlög vegna lengdrar viðveru fatlaðra barna í 5.-10. bekk grunnskólans og í framhaldsskólum.

FASTEIGNASJÓÐUR JÖFNUNARSJÓÐS SVEITARFÉLAGA, SBR. REGLUGERÐ NR. 578/2012

Við tilfærslu þjónustu við fatlað fólk færðust yfirráð allra fasteigna í eigu ríkisins sem nýttar hafa verið í þjónustu við fatlað fólk til Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Jafnframt tók Fasteignasjóðurinn yfir réttindi og skyldur Framkvæmdasjóðs fatlaðra sem var lagður niður við yfirfærslu málaflokksins.

Tekjur Fasteignasjóðsins eru hlutdeild í tekjum Jöfnunarsjóðs af 0,95% hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga af álagningarstofni ár hvert ásamt tekjum af sölu og leigu þeirra fasteigna sem sjóðurinn hefur umráðarétt yfir.

Á árunum 2012 og 2013 hefur meginstarfsemi Fasteignasjóðsins verið fölgin í sölu og leigu þeirra fasteigna sem nýttar hafa verið af sveitarfélögum í þjónustu við fatlaða.

Þær fasteignir sem Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fékk umráðarétt yfir við yfirfærsluna eru nú flest allar seldar. Þær sem eftir eru eru leigðar sveitarfélögum og nýttar í þjónustu við fatlaða.

74 M.KR. AUKAFRAMLAG Í JÖFNUNARSJÓÐ

Á grundvelli fjárlaga ársins 2013 fær Jöfnunarsjóður sveitarfélaga sérstakt aukaframlag að fjárhæð 74 m.kr.

Framlagið rann til Sveitarfélagsins Álftaness á grundvelli sérstaks samkomulags þar um til lokauppgjörs á fjárhagslegri endurskipulagningu í sveitarfélaginu.

FRAMLÖG TIL EFLINGAR TÓNLISTARNÁMI OG JÖFNUNAR Á AÐSTÖÐUMUN NEMENDA

Á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 13. maí 2011 greiðir ríkissjóður árlega 480 m.kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Framlaginu er ætlað að gera nemendum kleift að stunda tónlistarnám óháð búsetu og efnahag með greiðslu kennslukostnaðar í tónlistarskólum vegna hljóðfæránáms á framhaldsstigi og söngnáms á mið- og framhaldsstigi ásamt tengdum kostnaði. Á móti skuldbinda sveitarfélögin sig til að taka tímabundið yfir ný verkefni frá ríki sem nema 230 m.kr. á ársgrundvelli, sbr. samkomulag um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá 5. október 2011.

Í ljósi mikillar fjölgunar tónlistarnemenda umfram þann fjölda sem lagður var til grundvallar í samkomulaginu um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda hefur ráðstöfunarfjármagn Jöfnunarsjóðs til greiðslu framlaga til sveitarfélaga verið hækkað í 520 m.kr. á ársgrundvelli. Reglur

um úthlutun framlagsins eru nú í endurskoðun. Úthlutanir framlaga og greiðslur fara fram á grundvelli reglugerðar um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda, nr. 23/2013, og vinnureglna sem innanríkisráðherra setur í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið, fjármálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga. Samkomulagið var gert til tveggja ára og er nú unnið að framlengingu þess.

STARFSHÓPUR UM HEILDARENDURSKOÐUN JÖFNUNARSJÓÐS SVEITARFÉLAGA

Starfshópur sá sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipaði í ársbyrjun 2009 til að vinna að heildarendurskoðun á gildandi laga- og reglugerðarákvæðum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga lauk störfum í júní 2010.

Þann 1. janúar 2011 tóku gildi nauðsynlegar breytingar á núverandi jöfnunarkerfi á grundvelli valkostar 1 í tillögum starfshópsins.

Áfram hefur verið unnið að framkvæmd tillagna starfshópsins. Í mars 2011 skipaði innanríkisráðherra sérstakan vinnuhóp með aðkomu Hagstofu Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga til að útfæra nákvæmt upplýsingakerfi sem byggir á mælingu helstu útgjaldapátta sveitarfélaga. Kerfið er grundvöllur frekari breytinga á gildandi laga- og reglugerðarákvæðum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga svo eitt af aðalmarkmiðum með heildarendurskoðuninni um markvissari jöfnunaraðgerðir og betri nýtingu á tekjustofnum sveitarfélaga nái fram að ganga.

Eftirfarandi skerðing á framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til tekjuhárra sveitarfélaga er áfangi á þeirri braut. Í lögum nr. 139/2012 um breytingu á III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, er tóku gildi 1. janúar sl., er veitt heimild til að setja í reglugerð ákvæði um skerðingu á tilteknum framlögum sjóðsins til sveitarfélaga sem hafa heildarskatttekjur af útsvari og fasteignaskatti verulega umfram landsmeðal. Að fenginni þessari heimild í lögnum um tekjustofna sveitarfélaga og ákvæðum um skerðinguna í reglugerð nr. 1226/2012 um breytingu á reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 960/2010, var úthlutun tiltekinna framlaga úr sjóðnum felld niður frá 1. janúar 2013 til þeirra sveitarfélaga þar sem heildarskatttekjur eru a.m.k. 50% umfram landsmeðaltal, þ.e. útsvar og fasteignaskattur á hvern íbúa miðað við fullnýtingu þeirra tekjustofna.

Á árinu 2013 hefur áfram verið unnið að uppbyggingu kerfisins hvað útgjaldamælingu vegna lög- og venjubundinna verkefna sveitarfélaga varðar en verkefnið er mun umfangsmeira og flóknara en ráð var fyrir gert.

RÁÐGJAFARNEFND JÖFNUNARSJÓÐS SVEITARFÉLAGA

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er nú þannig skipuð:

Guðmundur Bjarnason, fyrrv. bæjarstjóri, formaður, Bjarni Jónsson, sveitarstjórnarmaður í Sveitarfélaginu Skagafirði, Björk Þorsteins-dóttir, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ, Hermann Jón Tómasson, bæjarfulltrúi í Akureyrarkaupstað og Þórunn Egilsdóttir, sveitar-stjórnarmaður í Vopnafjarðarhreppi. Hermann Jón er nú í ársleyfi frá störfum í nefndinni vegna námsdvalar erlendis. Sæti hans skipar Árni Rúnar Þorvaldsson, bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Hornafirði.

RÁÐGJAFARNEFND FASTEIGNASJÓÐS JÖFNUNARSJÓÐS

Ráðgjafarnefnd Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs er nú þannig skipuð:

Lúðvík Geirsson, alþingismaður, formaður, Áslaug María Friðriksdóttir, varaborgarfulltrúi í Reykjavík og Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði Sambands íslenskra sveitarfélaga.

STARFSMENN

Starfsmenn Jöfnunarsjóðs eru þau Elín Pálsdóttir, forstöðumaður, bergur Sigurjónsson, sérfræðingur, Elín Á. Gunnarsdóttir, sérfræðingur, Guðni Geir Einarsson, sérfræðingur, og Halldór V. Kristjánsson, sérfræðingur.

Ítarlegri upplýsingar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er að finna á vefsíðu innanríkisráðuneytisins, veffang: <http://jofnunarsjodur.is>.

Samantekt: Elín Pálsdóttir – Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Tafla 4.1. Framlög Jónunarsjóðs til sveitarfélaga árið 2012

Sveitarfélag	Reglugerð nr. 960/2010				Reglugerð nr. 351/2002				Rgl. 122/2003 / Samkomul.			Rgl. 80/2001		
	Framlög vegna sam- eininga 7. gr.	Framlög vegna fjárhags- erfiðleika b-llíður 7. gr	Framlög til sérstakra verkefna 11. gr.	Tekju- jónunarf- framlög 12. gr.	Útgjalda- jónunarf- framlög 13. gr.	Almenn jónunarf. til rekstrs grunnskóla 3. gr.	Framlög v/serparía fallaðra nemenda 4. gr.	Framlög vegna nýbúa- fráðslu 5. gr.	Framlög vegna almennra husateigu- bola 6. gr.	Onnur framlög vegna yfirf. grunnsk.	Framlög vegna sérstakra husateigu- bola	Framlög vegna Fasteigna- skatts- jónun	Auka- framlag	Framlög til eflingar lönlistar- nami
Reykjavíkurborg*					9.253	0	930.000	10.833	961.149	13.705	537.886	354.083		2.816.909
Kópavogsbær					169.615		94.260	18.960	141.796		26.490	30.604		481.726
Seljarnarneskaupstaður					77.042	3.709	20.160	3.720	12.211			9.257		126.098
Garðabær	7.138				49.272	73.166	31.520	8.400	19.656			14.098		203.250
Hafnarjarðarkaupstaður					411.409	85.400	19.800	19.800	175.672		57.199	17.222		766.702
Sveitarfélagið Alftanes	300.000	285.000		27.052	117.900	96.776	16.890	4.800	7.316		755	8.260	175.000	1.034.948
Mosteilsbær					102.651	227.004	43.590	4.800	32.396		3.616	31.281		453.467
Kjósarhreppur					3.388	3.390	0		0			4.422		11.199
Reykjanesbær					279.619	389.234	81.950	18.720	167.268		10.062	244.447		1.367.694
Grindavíkurbær					126.929	78.519	14.570	3.720	18.018		2.996	59.993		306.112
Sandgerðsbær	11.093				27.579	74.250	10.170	3.480	8.463		454	64.162	47.375	247.026
Sveitarfélagið Garður					73.817	80.763	6.780	1.440	7.197		550	23.303		296.232
Sveitarfélagið Vogar					70.870	66.963	9.040	2.280	5.577		128	17.348		239.209
Akraneskaupstaður					161.107	93.146	39.430	7.920	37.605		10.951	84.409		442.252
Skraddalsahreppur					5.991	26.590	2.260	600	186			1.057		7.418
Hvalfjarðarsveit					37.971	260.599	186.029	3.240	31.158		4.088	85.782	6.426	43.378
Borgabyggð	3.000				1.836	45.042	31.350	1.440	4.428			23.528	15.688	633.206
Helgafellssveit					2.401	5.005	586		380			1.147		126.405
Stykkisholmsbær					53.464	47.335	6.780	1.080	4.600			29.566	12.422	9.521
Eyja- og Miklaholtshreppur					9.117	8.962	120		550			3.802		159.967
Snareselsbær					111.835	82.466	8.980	3.240	5.549			58.987		22.551
Dalabyggð					36.657	84.047	53.122	1.130	2.382			29.949		271.057
Bolungarvíkurkaupstaður					9.948	47.829	43.054	1.560	2.887		28	35.918	689	207.407
Ísafjarðarbær	5.233				221.117	105.819	19.150	3.600	17.860		1.665	165.117	8.766	145.335
Reykholahreppur					1.904	49.356	20.547	120	749			12.285		86.092
Taíknafjarðahreppur					6.547	17.596	28.095	600	423			12.726		69.470
Vesturbýggð	302				79.739	54.965	5.650	840	3.843			55.884	688	251.202.161
Suðavíkurhreppur					40.207	18.661	2.260	720	671			13.478	159	76.156
Arneshreppur					1.695	2.339			3.102			5.140		12.416
Kaldraneshreppur					3.635	11.166	9.518		435			5.861		30.615
Strandabyggð					20.099	66.858	42.668	3.390	2.090		32	22.463		157.813
Sveitarfélagið Skagafjörður	6.000				260.708	137.424	21.170	360	22.163		240	124.889	2.733	578.319
Húnaþing vestra	8.560				58.936	127.211	88.724	960	8.300			42.061		379.599
Blönduós bær					10.124	56.969	41.316	1.320	6.108			32.620	621	153.598
Sveitarfélagið Skagastrand					21.010	32.164	3.390		3.686			17.324		77.667
Skagabyggð					10.817	11.941	11.359	240	352			1.570		36.040
Húnavatnshreppur					47.362	32.826			2.959			12.018		95.850
Akrahreppur					17.582	18.633	25.986		876			4.769		67.845
Akureyriarkaupstaður	7.722				147.165	415.915	65.176	4.080	134.563		13.171	237.155	22.776	1.047.723
Norðurlingbýggð					203.829	83.278	13.500	1.680	17.235			114.661	46.675	484.462
Fjallabyggð					108.951	76.569	9.040	1.200	12.200			88.573		296.899

*Framlög til Reykjavíkurborgar samkvæmt reglugerð nr. 351/2002 eru á grundvelli samninga um rekstur sérskóla/sérdeilda, kennsluátgjöf fyrir nýbúa í öðrum sveitarfélögum en Reykjavíkurborg og kennslu langveikra barna með lögheimili utan Reykjavíkurborgar.

Sveitarfélag	Reglugerð nr. 960/2010				Reglugerð nr. 351/2002				Rgj.122/2003/Samkomul.		Rgj. 80/2001	Framlög til eflingar- tónlistar- námi	Samtals
	Framlög vegna sam- eininga 7.gr.	Framlög vegna fjárhags- erfiðleika b-ildur 7.gr 11.gr.	Tekju- jónunarf- framlög 12.gr.	Utgjalda- jónunarf- framlög 13.gr.	Almenn jónunarf- til reksturs grunnskóla 3.gr.	Framlög viðeifbarfa fallaðra nemenda 4.gr.	Framlög vegna nybúa- fræðslu 5.gr.	Skólab. ad Reykjum 6.gr.	Önnur framlög vegna yfirlf. grunnsk.	Framlög vegna almennra husateigu- bóla 436	Framlög vegna Fasteigna- skatts- jónfun 55.289		
Dalvíkurbyggð		27.938	126.922	91.627	20.160	3.360	8.528			436	55.289		334.260
Eyjafjarðarsveit		59.104	80.998	80.000	3.330	360	3.666				16.381		247.010
Hörgársveit	13.500	21.795	47.285	42.800	2.260	2.260	2.039				15.980		145.659
Svalbarðstrandarhreppur		6.771	23.491	27.870	2.260	1.200	1.321			128	8.411		70.372
Grylubbakkahreppur		26.053	34.919	3.390	3.390	1.200	2.045				6.682		77.289
Skutustaðahreppur		24.141	24.141	23.642			2.387				22.974		73.145
Tjörneshreppur			1.679			344					1.290		3.313
Pingeyjarsveit	2.100	30.559	94.031	68.277	1.130	240	4.792			32	39.816		242.179
Svalbarðshreppur		110	5.125	7.674			664				3.672		25.538
Langanesbyggð			50.081	55.061	4.520	480	1.747				28.593		140.802
Seyðisfjarðarkaupstaður			23.902	19.140	2.260	480	4.022				42.306		93.477
Fjarðabyggð			9.011	102.229	7.910	6.840	14.690			1.494	136.975		280.382
Vopnafjarðahreppur			54.670	26.531	4.460	480	2.285				35.476		123.902
Fjölisdalshreppur			11.347				748				1.808		13.903
Borgarfjarðahreppur			12.073	11.412	12.903	360	1.124				6.072		43.944
Breiðdalshreppur			15.387	10.910	120		1.381				12.486	1.243	41.526
Djúpavogshreppur			3.407	45.602	24.804	2.260	1.770				24.305	193	103.181
Fjölisdalshérað			248.346	190.643	14.630	1.920	16.425			663	95.238	27.675	595.836
Sveitarfélagið Hornafjörður			154.331	111.914	2.260	2.040	9.979				81.842	1.422	363.786
Vestmannaeyjabær			91.079	27.533	20.340	960	13.140				113.881		266.934
Sveitarfélagið Arborg			134.978	159.443	210.579	4.800	49.492			7.153	102.348	469	725.007
Myrdalshreppur			38.506	28.305	1.130		1.224		7.040		24.160		100.835
Skaftárhreppur			48.078	17.502			2.033				25.863		93.763
Asahreppur			6.630				550				2.873		10.309
Rangárling eystra			82.221	129.174	55.630	1.800	5.275				43.145		328.484
Rangárling ytra			102.236	86.166	3.390	1.680	5.351				48.453	1.093	248.725
Hrunamannahreppur			27.837	49.914	56.665	600	3.119				22.231		163.757
Hveragerðisbær			95.004	101.506	71.921	960	13.277			1.700	33.374		325.652
Sveitarfélagið Ölfus			78.139	59.868	11.240	2.880	11.820				42.251		206.198
Grimnes- og Grafingshreppur			32.376	31.584	2.260	360	4.750				8.118		47.864
Skeiða- og Gnúpsfjarðahreppur			15.343	59.956	1.130	240	2.301				14.969		49.094
Bláskógabyggð			49.443	51.089	47.664	2.260	4.218				33.620		114.268
Floahreppur			310.738	4.995.313	5.216.311	1.756.226	164.433	38.127	23.847	681.918	2.956.000	350.000	164.823
Aðrir:													20.693.538
Bændasamtök Isl. v. vatnsveitufarmkv. á lögbýlum													25.129
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins						2.391							2.391
Háskólinn á Akureyri vegna ki	675												675
Háskólinn í Reykjavík v. Tungumálatorgs								3.000					3.000
Samband íslenskra sveitarfélaga	16.282							3.368					19.649
Samband sveitarfél. á höfuðborgarsvæðinu	1.639												1.639
Samband sveitarfél. á Suðurnesjum	2.101												2.101
Samiök sveitarfélaga á Vesturl	2.844												6.236
Fjórðungssamband Vestfirðinga	3.568												3.568
Samiök sveitarfél. á Norðurlandi vestra	3.627												3.627
Eyþing	3.919												3.919
Samband sveitarfél. á Austurlandi	3.469												3.469
Samiök summlenskra sveitarfélaga	3.833												3.833
Annar vegna eflingar tónlistarfræðslu				-65.817									1.349
Óhafíð framlag 31.12.2011				-285.000									1.178
Óhafíð framlag 31.12.2012				59.925									-10.101
Framlög alls	343.088	25.738	41.282	1.254.295	4.995.313	5.210.419	1.758.617	164.433	38.127	30.215	770.166	2.941.836	520.000
													20.475.025

Í þús kr.

Tafla 4.2. Framlög Jöfnunarsjóðs til málefna fátlaðra 2012

Reglugerð nr. 510/2012	Greiðslur áætláðra alm. framлага árið 2011	Framlög vegna breytinga-kostnaðar	Framlög vegna lengðrar viðveru	NPA	Fasteigna-sjóður	Samtals
<i>f þús. kr.</i>						
Þjónustuvæði um málefni fátlaðs fólks						
Reykjavíkuborg og Seljarnarneskaupstaður	3.768.131		33.408			3.801.538
Kópavogsbær	448.983		7.221			456.205
Garðabær og Sveitarfélagið Álftanes	268.230		1.845			270.074
Hafnarfjarðarkaupstaður	747.447		4.407			751.854
Mosfellsbær og Kjósarhreppur	643.087		3.454			646.541
Suðurnes	261.974		4.712			266.686
Vesturland	290.163		9.824			299.987
Vestfirðir	252.258		893			253.151
Norðurland vestra	425.748		6.664			432.413
Eyjafjörður	1.059.395		4.691			1.064.086
Þingeyjarsýslur	147.549		2.262			149.812
Austurland	300.694		691			301.385
Sveitarfélagið Hornafjörður	84.937		0			84.937
Suðurland	844.225		6.162			850.387
Vestmannaeyjabær	99.554		2.764			102.318
	9.642.374		89.000			9.731.374
Annað						
Sumardvöl í Reykjadal	11.300					11.300
Orlofsdvöl að Laugalandi í Holtum	13.300					13.300
Gistheimilið Meigerði 7, Kópavogi	4.282					4.282
Breytingakostnaður						
Samband Íslenskra sveitarfélaga		12.655				12.655
NPA miðstöðin		6.500				6.500
Ýmiss kostnaður samfara yfirf. mál. fátlaðs fólks		29.106				29.106
Óhafið 31. des. 2011		-33.958				-33.958
Óhafið 31. des. 2012		35.000				35.000
NPA						
NPA miðstöð vegna fræðsluverkefnis				3.500		3.500
Ýmis kostnaður vegna verkefnisins				1.410		1.410
Óhafið 31. des. 2011				-51.000		-51.000
Óhafið 31. des. 2012				146.090		146.090
Fasteignisjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga					378.000	378.000
Framlög						
Fyrirframgreiðsla						
Fyrirframgreitt 31.12. 2011	359.508					359.508
Fyrirframgreitt 31.12. 2012	-242.644					-242.644
Gjöld samtals	9.788.121	49.303	89.000	100.000	378.000	10.404.423

5 ÁRSREIKNINGAR SVEITARFÉLAGA OG ÁLAGNING SKATTTEKNA

SKÝRINGAR

Upplýsingar um fjármál sveitarfélaga byggjast annars vegar á ársreikningum sveitarfélaga 2012 og hins vegar á skrá skattstjóra um álagt útsvar 2013 og upplýsingum sveitarfélaga um álagðan fasteignaskatt 2013.

A. HEILDARYFIRLIT TEKNA OG GJALDA

Í árbókinni er birt yfirlit um tekjur og gjöld, sjóðsstreymi og efnahag sveitarfélaganna fyrir árið 2012. Það er bæði sett upp sem yfirlit um niðurstöður ársreikninga og í krónum á hvern íbúa. Á þann hátt fæst möguleiki á grófum samanburði milli einstakra sveitarfélaga. Í þessu yfirliti eru einnig birt samantekin reikningskil sveitarfélaganna þar sem saman eru teknar niðurstöður úr ársreikningum sveitarsjóða og stofnana sveitarfélaganna. Sveitarfélögum er skipt niður í fjóra flokka. Þeir eru eftirfarandi:

- Reykjavík
- Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur
- Vaxtarsvæði. Þar eru sveitarfélögin frá og með Borgarbyggð til og með Árborg að viðbættum Akureyrarkaupstað, Fljótsdalshéraði, og Fjarðabyggð.
- Önnur sveitarfélög

Með þeim reikningskilareglum, sem unnið er eftir, fæst nákvæmt yfirlit um laun og launatengd gjöld hjá sveitarfélögum, bæði hvað varðar þennan þátt rekstursins einan og sér svo og launahluta fyrir hvern málaflokk og hverja stofnun sveitarfélaganna. Þetta er afar mikilvægt skref til framþróunar og aukið aðgengi að upplýsingum þar sem laun eru langstærsti einstaki útgjaldabáttur sveitarfélaganna.

Allar tölur í uppgjöri fyrir einstök sveitarfélög eru brúttótölur, þannig að heildartekjur eru færðar sér og heildarútgjöld sér. Notuð er svokölluð brúttóuppgjörsaðferð þar sem heildarvelta sveitarfélaganna kemur fram fyrir rekstur sveitarfélagsins í heild sinni og einnig hvern málaflokk en horfið hefur verið frá því að nota svokallað nettóuppgjör þar sem sértekjur hvers málaflokks fyrir sig voru dregnar frá heildarkostnaði við hvern málaflokk. Fjárfestingu er heldur ekki lengur skipt upp í eignfærða og gjaldfærða fjárfestingu eins og áður, heldur er nú einungis um einn flokk fjárfestingar að ræða, fjárfestingu sem hægt er að afskrifa. Undir liðinn jöfnunarsjóður eru færð þau framlög jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna sem tengjast rekstri þeirra en stofnframlög eru færð á viðkomandi fjárfestingarliði sem tekjur. Sérstakur kafli er í bókinni um skiptingu framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til einstakra sveitarfélaga ásamt ítarlegum skýringum. Ef misræmis gætir í þeim tölum, sem færðar eru í ársreikningum sveitarfélaga og þeim tölum sem jöfnunarsjóður gefur upp,

getur ástæðan m.a. verið sú, að sumar greiðslur jöfnunarsjóðs greiðast beint til viðkomandi grunnskóla.

B. ÁLAGT ÚTSVAR OG FASTEIGNASKATTUR

Útsvar

Um er að ræða álagningu útsvars 2012 á tekjur ársins 2011 samkvæmt álagningarskrá skattstjóra. Heildar álagningarfjárhæð er sýnd fyrir hvert sveitarfélag og einnig sem krónur á hvern íbúa. Einnig koma fram upplýsingar um álagningarprósentu sveitarfélaganna og álagningarstofn þeirra í sérstakri töflu.

Fasteignaskattur

Gefnar eru upplýsingar um álagningu A-, B- og C-liðar fasteignaskatts samkvæmt 3. mgr. 3. gr. tekjustofnalaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Fasteignaskattar samkvæmt A-lið eru m.a. vegna íbúðarhúsnæðis, B-lið vegna húsnæðis í opinberri eigu og C-lið vegna atvinnuhúsnæðis o.fl. Um er að ræða álagningu 2012 samkvæmt upplýsingum frá sveitarfélögunum. Sýnd er álagningarfjárhæð fyrir hvern lið fyrir sig ásamt álagningarhlutfalli og álagningarstofni. Fram kemur heildarfjárhæð álagðs fasteignaskatts og einnig sem krónur á hvern íbúa.

C. REKSTUR, EFNAHAGUR OG LYKILTÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGUM

Hér fara á eftir skýringar með tölum um rekstur, efnahag og lykiltölur úr ársreikningum sveitarfélaganna.

REKSTRAREIKNINGUR

Í rekstrarreikningi kemur fram yfirlit um rekstur sveitarfélagsins á árinu. Reksturinn skiptist í tekjur, gjöld, óvenjulega liði og fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld.

Tekjur

Skatttekjur eru tekjur samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga, þ.e. útsvör, fasteignaskattar og framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að undanskildum stofnframlögum og öðrum sérframlögum, sem færð eru á viðeigandi málaflokka sem tekjur. Undir liðinn skatttekjur falla einnig þær tekjur, sem lagðar eru á ákveðinn gjaldstofn, án þess að þeim sé ætlað að mæta afmörkuðum kostnaðarpáttum sveitarsjóðs. Þannig er t.a.m. framleiðslugjald stóriðjufyrirtækja flokkað með skatttekjum. Þjónustutekjur eru færðar meðal tekna sveitarfélaganna en ekki dregnar frá útgjöldum einstakra málaflokka eins og gert var áður. Þannig fæst gleggri yfirsýn yfir fjárstreymi í rekstri sveitarfélaganna. Í yfirliti um rekstur einstakra málaflokka koma fram tekjur málaflokksins, gjöld hvers málaflokks og hlutdeild launa og launatengdra gjalda af heildargjöldum málaflokksins.

Gjöld

Brúttó rekstrargjöld sveitarfélaga koma hér fram að undanskildum fjármunatekjum og fjármagnsgjöldum. Þeim er skipt upp í laun og launatengd gjöld, annan rekstrarkostnað og afskriftir. Afskriftir eru nú reiknaðar út og færðar í rekstraruppgjöri sveitarfélaga. Taka verður tillit til þess þegar fjárhagsstaða sveitarfélaganna er metin.

Óvenjulegir liðir

Óvenjulegir liðir eru skilgreindir sem tekjur eða gjöld sveitarfélaga sem koma sjaldan eða einu sinni fyrir, en flokkast ekki undir hefðbundinn árlegan rekstur sveitarfélaganna. Sem dæmi um það sem fellur undir þennan lið má nefna söluandvirði hlutabréfa eða lands eða óvenjulega

kostnaðarliði sem falla til vegna náttúruhamfara. Hafa þer í huga þegar áhrif þessa liðar eru metin inn í heildarafkomu sveitarfélagsins hvort um sé að ræða færslu sem kemur einungis einu sinni fyrir eða afar sjaldan.

Þessi fjárhæð sýnir það fjármagn, sem er til ráðstöfunar eftir að rekstrarkostnaður hefur verið greiddur og tekið tillit til óvenjulegra liða.

Hér kemur fram staða uppgjors fyrir fjármunatekjur annars vegar og fjármagnsgjöld hins vegar. Í þeim miklu efnahagsveiflum sem átt hafa sér stað frá árinu 2008 hefur þessi liður víða tekið miklum breytingum milli ára. Við gengisfall krónunnar hækkar fjármagnskostnaður verulega þar sem erlend lán eru til staðar í lánasafni sveitarfélagsins. Á hinn bóginn hækka fjármunatekjur þegar krónan styrkist á nýjan leik. Þetta ber að hafa í huga við mat á áhrifum fjármagnsliða. Áhrifa af verðbólguþætti innlendra lána gætir síðan verulega við hátt verðbólguþætti.

Hér kemur fram hvaða fjármuni sveitarfélagið hefur til ráðstöfunar þegar tekið hefur verið tillit til reksturs, óvenjulegra liða og fjármunatekna og fjármagnsgjalda. Það fjármagn sem eftir stendur að þessu uppgjöri loknu gefur til kynna hvaða fjármuni sveitarfélagið hefur til ráðstöfunar í aukinn rekstur, nýjar fjárfestingar eða niðurgreiðslu skulda.

EFNAHAGSREIKNINGUR

Í efnahagsreikningi kemur fram yfirlit um eignir og skuldir sveitarfélagsins.

Til varanlegra rekstrarfjármuna teljast varanlegar eignir svo sem húseignir, stærri vélar og annað sem er afskrifað.

Undir þennan lið færast það áhættufé og þær skuldbindingar sem sveitarfélagið hefur lagt í annan rekstur (hlutafé) og þær kröfur sem sveitarfélagið gerir á aðra aðila og greiðast upp á lengri tíma en einu ári.

Til veltufjármuna teljast peningar og þær eignir, sem ætlað er að megi breyta í peninga eða aðrar eignir innan árs. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir verðbréfaeignar eru einnig taldar til veltufjármuna, þ.e. þær fjárhæðir sem eiga að innheimtast næstu 12 mánuði.

Eigið fé er mismunur eigna og skulda.

Hér eru færðar þær skuldbindingar sem sveitarfélagið þarf að standa skil á gagnvart öðrum aðilum, s.s. lífeyrisskuldbindingar og skuldbindingar vegna einkaframkvæmdarsamninga og/eða samninga vegna sölu og endurleigu fasteigna. Á móti skuldbindingum vegna einkaframkvæmdasamninga eða samninga um sölu og endurleigu fasteigna skal færa viðkomandi eign eignamegin í efnahagsreikningi.

Langtímaskuldir eru þær skuldir, sem eru til lengri tíma en eins árs frá uppgjorsdegi.

Skammtímaskuldir eru þær skuldir, sem gjaldfalla innan árs frá uppgjorsdegi. Til skammtímaskulda teljast einnig næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímaskulda.

Veltufjárhlutfall er hlutfallið milli veltufjármuna og skammtímaskulda. Þegar hlutfallið er 1,0 eru veltufjármunir jafnir skammtímaskuldum. Best er að hlutfallið sé hærra en 1 því ef skammtímaskuldir eru hærri en

Niðurstaða án fjármagnsliða

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Rekstrarniðurstaða af hefðbundnum tekjustofnum

Varanlegir rekstrarfjármunir

Áhættufjármunir og langtímakröfur

Veltufjármunir

Eigið fé

Skuldbindingar

Langtímaskuldir

Skammtímaskuldir

Veltufjárhlutfall

veltufjármunir (hlutfallið lægra en 1) aukast líkurnar á að lausafé geti verið af skornum skammti á einhverjum tímum ársins.

SJÓÐSTREYMI

Sjóðstreymi er heiti á breytingu á handbæru fé eða sjóðseign sveitarfélags á rekstrarárinu. Þrennt hefur áhrif á sjóðsstöðu sveitarfélags; rekstrarhreyfingar, fjárfestingahreyfingar og fjármögnunarhreyfingar.

*Handbært fé frá rekstri
Veltufé frá rekstri*

Handbært fé frá rekstri segir til um hvað mikið lausafé verður eftir af rekstri sveitarfélagsins þegar búið er að borga alla reikninga. Handbært fé frá rekstri er meðal annars notað til að greiða afborganir lána og til fjármögnunar á fjárfestingum. Þeim mun meira sem handbært fé er frá rekstri, þeim mun meiri er fjárhagsleg geta sveitarfélagsins til að standa undir skuldbindingum sínum og að takast á við sveiflur í rekstri þess. Veltufé frá rekstri er mjög áþekkt stærð sem segir í öllum aðalatriðum hið sama. Við útreikning á veltufé hefur ekki verið tekið tillit til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum eins og gert hefur verið við útreikning á handbæru fé.

*Fjárfestingarhreyfingar
Fjármögnunarhreyfingar*

Í sjóðstreymi kemur einnig fram hvernig fé sveitarfélagsins hefur verið ráðstafað til fjárfestinga (fjárfestingarhreyfingar) og hvernig fjárfestingar hafa verið fjármagnaðar (fjármögnunarhreyfingar).

*Hækkun/lækkun
á handbæru fé*

Niðurstaða sjóðstreymis er hækkun eða lækkun á handbæru fé sveitarfélagsins, sem segir til um hvort lausafé sveitarfélagsins hafi minnkað eða vaxið á árinu.

LYKILTÖLUR

A) LYKILTÖLUR Í HLUTFALLI VIÐ TEKJUR:

SKATTTEKJUR

Þessi lykiltala sýnir hve hátt hlutfall heildartekna kemur frá skatttekjum.

LAUN OG LAUNATENGD GJÖLD

Þessi lykiltala sýnir hve hátt hlutfall tekna fer til greiðslu á launum og launtengdum gjöldum.

FJÁRFESTINGAR

Þessi lykiltala sýnir hve fjárfestingar eru hátt hlutfall af heildartekjum.

VELTUFÉ FRÁ REKSTRI

Þessi lykiltala sýnir hve veltufé frá rekstri er hátt hlutfall af heildartekjum.

SKULDIR ÁN SKULDBINDINGA

Þessi lykiltala sýnir hve skuldir án skuldbindinga eru hátt hlutfall af heildartekjum.

SKULDIR OG SKULDBINDINGAR

Þessi lykiltala sýnir hve hátt hlutfall skuldir með skuldbindingum er hátt hlutfall af heildartekjum.

B) Í KRÓNUM Á HVERN ÍBÚA:

TEKJUR

Þessi lykiltala sýnir hve háar tekjur eru í krónum á hvern íbúa.

SKATTTEKJUR

Þessi lykiltala sýnir hve háar skatttekjur eru í krónum á hvern íbúa.

GJÖLD OG FJÁRMAGNSLIÐIR

Þessi lykiltala sýnir hve háar skatttekjur eru í krónum á hvern íbúa.

SKULDIR ÁN SKULDBINDINGA

Þessi lykiltala sýnir hve háar skuldir án skuldbindinga eru í krónum á hvern íbúa.

SKULDIR OG SKULDBINDINGAR

Þessi lykiltala sýnir hve háar skuldir með skuldbindingum eru í krónum á hvern íbúa.

TIL UMHUGSUNAR VIÐ LESTUR Á TEXTA OG TÖFLUM

Einn megintilgangurinn með útgáfu Árbókar sveitarfélaga, fyrir utan að birta yfirlit um fjárhagslega stöðu sveitarfélaga, er að gefa möguleika á samanburði á rekstri og fjárhagsstöðu einstakra sveitarfélaga við önnur áþekk sveitarfélög svo og greiningu á rekstri og fjárhagsstöðu einstakra sveitarfélaga. Þó ber ætíð að hafa í huga að slíkan samanburð verður að gera af varfærni þannig að tryggt sé að bornir séu saman sambærilegir hlutir. Á hinn bóginn getur samanburður upplýsinga um fjárhag sveitarfélaga eins og þær birtast í árbókinni gefið verðmætar vísbendingar sem geta orðið grundvöllur að dýpri og vandaðri samanburðarvinnu. Þær lykiltölur sem hér eru birtar draga því ekki fram allt sem máli sem skiptir varðandi starfsemi hvers sveitarfélags og undirstofnana þess. Upplýsingar um ákveðin grunnatriði, s.s. þjónustu, gæði og virkni hennar, eru mikilvæg atriði í slíkri greiningu, en það er erfitt að ná utan um slíkt í framsetningu upplýsinga af þessum toga. Vegna þess er mikilvægt að halda áfram með eigin útfærslu á þeim mismun sem kemur fram í einstökum lykiltölum. Með hliðsjón af þeim fjölda þátta sem eru grunnur þeirra talnalegu upplýsinga sem hér eru birtar er ekki hægt að útiloka að villur leynist á einstaka stað. Til aðstoðar við greininguna hafa sveitarfélögin verið flokkuð niður í flokka eftir stærð þeirra. Í texta við hverja töflu finnst útskýring á þeim lykiltölum sem eru settar fram fyrir viðkomandi sveitarfélag.

HUGSANLEGAR SPURNINGAR OG SVÖR

Hér á eftir hafa verið teknar saman nokkrar hugsanlegar spurningar og svör til skýringar á þeim breytileika sem er á einstökum lykiltölum milli sveitarfélaga.

NIÐURSTAÐA REKSTRARREIKNINGS

Hvers vegna er rekstrarkostnaður sveitarfélaga mismunandi á hvern íbúa?

- Mikill mismunur er í stærð og innri gerð sveitarfélaga. Þar til viðbótar kemur mismunandi aldursamsetning íbúanna, félagsleg staða þeirra eða landfræðilega sveitarfélagsins. Rekstur sveitarfélags með marga byggðakjarna er flóknari og dýrari á hvern íbúa en rekstur sveitarfélags með sambærilegan íbúafjölda en með einungis einn byggðakjarna.
- Sveitarfélög veita íbúunum mismunandi mikla þjónustu.
- Gæði og virkni þjónustunnar er mismunandi.

Hvers vegna eru skatttekjur sveitarfélaga og tekjur frá jöfnunarsjóði á hvern íbúa mismunandi?

- Íbúar sveitarfélaganna hafa mismunandi háar tekjur að jafnaði og einnig er nokkur breytileiki í álagningarhlutfalli útsvars.
- Verðmæti áþekkra fasteigna (fasteignamat) getur verið afar mismunandi milli sveitarfélaga sem hafa áþekkan íbúafjölda.
- Staða sveitarfélagsins er misjöfn í ýmsum málum og því er aðkoma jöfnunarsjóðs að rekstri þeirra mismunandi.
- Aldursdreifing íbúa innan einstakra sveitarfélaga er ólík.

- Kostnaðarstig einstakra sveitarfélaga er mismunandi.

EFNAHAGSREIKNINGUR

Hvers vegna munar miklu í eignastöðu sveitarfélaga, reiknað á íbúa?

- Sveitarfélögin hafa valið mismunandi form á rekstri, allt frá því að vera með megin hluta rekstursins undir sveitarsjóði yfir í einkafjármögnun stórra framkvæmda.
- Mismunandi er hvort eignir séu færðar til núvirðis eða ekki. Má þar sérstaklega nefna eignir sveitarfélaga í hlutafélögum.
- Mismunandi er milli sveitarfélaga hvað þau hafa lagt mikla fjármuni til atvinnulífsins á staðnum. Sum hafa tapað fjármunum á því meðan hjá öðrum hafa myndast verulegar eignir sem hafa síðan verið seldar að hluta til eða öllu leyti.

Hvers vegna er skuldastaða sveitarfélaga mismunandi, reiknað á íbúa?

- Sveitarfélögin hafa mismunandi stefnu hvað varðar lántöku til framkvæmda.
- Sveitarfélögin hafa mismunandi mikið fé afgang (veltufé frá rekstri) eftir að rekstrarútgjöld hafa verið greidd.
- Fjárhagsstaða sveitarfélaga er mjög misjöfn.
- Áhrif af hruni krónunnar eru mismunandi eftir því hvort sveitarfélög hafa tekið innlend lán eða erlend lán.
- Staða fjárfestinga er misjöfn milli sveitarfélaga, sum hafa lokið flestum stærri framkvæmdum en önnur standa í miklum framkvæmdum með tilheyrandi lántöku.
- Sveitarfélög hafa valið mismunandi aðferðir við fjármögnun framkvæmda allt frá að reka sem mest undir sveitarsjóði yfir í að flytja rekstur stofnana yfir í hlutafélög eða einkafjármögnun.
- Mismunandi er milli sveitarfélaga hver þróun íbúafjölda er. Þar sem íbúum fækkar eða fjölgar verulega hefur það áhrif á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.
- Mismunandi er milli sveitarfélaga hvort þau hafa getað selt eignir til að greiða niður skuldir.

Hvers vegna er eiginfjárstaða sveitarfélaga misjöfn?

- Sveitarfélögin hafa fjármagnað fjárfestingar sínar á mismunandi hátt. Góð eiginfjárstaða þýðir að sveitarfélag hefur fjármagnað fjárfestingar sínar með eigin fé sem hefur í för með sér fjárhagslegt sjálfstæði til lengri tíma litið.
- Mismunandi er milli sveitarfélaga hve mikinn kostnað þau þurfa að leggja í til að undirbúa ný hverfi eða byggja upp hverfi fyrir atvinnurekstur.

BRÚTTÓ- OG NETTÓKOSTNAÐUR

Hvers vegna er kostnaður á íbúa mismunandi?

- Aldurssamsetning íbúanna er mismunandi. Það skiptir sérstaklega máli varðandi kostnað við menntun, leikskóla ásamt þjónustu við aldraða.
- Stærð sveitarfélaga og félagsleg uppbygging er mismunandi.
- Mismunur er á þjónustustigi sveitarfélaga.
- Gæði og afköst veittrar þjónustu eru mismunandi.

Hvers vegna er nettókostnaður á íbúa mismunandi?

- Fyrir utan það sem segir hér að ofan má einnig nefna: Mismunandi er hvað notandinn greiðir stóran hluta af kostnaði við þjónustuna.

LYKILTÖLUR FYRIR LEIKSKÓLA OG GRUNNSKÓLA

Hvers vegna er kostnaður á nemenda í grunnskóla mismunandi?

- Mismunandi er hve stærðarhagkvæmni í rekstri skóla er mikil.
- Mismunur er á landfræðilegum aðstæðum,, s.s. stærð sveitarfélags og þéttleika byggðar.
- Breytileiki er í bekkjarstærð og aldursdreifing barna er mismunandi.
- Kostnaður við skólarekstur er mismunandi,, s.s. rekstrarkostnaður skólahúsnæðis, viðhald húsnæðis, húsnæði fyrir starfsfólk, matarkostnaður, námsbækur, ferðalög og fjármagnskostnaður.
- Launakostnaður kennara er mismunandi, sem kemur til af ýmsum þáttum,, s.s. menntun kennara, starfsaldri þeirra og hve sérgreiðslur til kennara eru miklar.
- Hlutfall barna með sérþarfir er mismunandi.

LYKILTÖLUR VEGNA LEIKSKÓLA

Hvers vegna er kostnaður við leikskóla mismunandi?

- Þjónusta við börn á leikskólaaldri er mismunandi milli sveitarfélaga.
- Samsetning og menntun starfsfólks er mismunandi.
- Opnunartími leikskóla og ýmis önnur þjónusta er mismunandi.
- Stærð skólanna og nýting mannafla er mismunandi.
- Kostnaður við skólahúsnæði er mismunandi,, s.s. rekstrarkostnaður skólahúsnæðis, viðhald húsnæðis, húsnæðis fyrir starfsfólk og fjármagnskostnaður.
- Hlutfall barna með sérþarfir er mismunandi.

LYKILTÖLUR VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ ALDRAÐA

Hvers vegna er mikill munur á kostnaði á þjónustu við aldraða.

- Sveitarfélögin veita öldruðum mismikla þjónustu.
- Aldurssamsetning íbúa milli sveitarfélaga er mismunandi.
- Breytileiki er í heilsufari og þörf fyrir þjónustu.
- Skipulagning þjónustunnar er mismunandi.
- Samsetning sveitarfélaga hvað varðar stærð og búsetudreifingu er mismunandi.

- Kostnaður við húsnæði fyrir aldraða er mismunandi,, s.s. fjármagnskostnaður og viðhald.

LYKILTÖLUR VEGNA FÉLAGSLEGRAR ÞJÓNUSTU

Hvers vegna er mikill munur á kostnaði við félagslega aðstoð?

- Félagssleg samsetning íbúanna er mismunandi.
- Mismunandi þörf er fyrir fjárhagsaðstoð.
- Atvinnustig er mismunandi.
- Mismunur er á kostnaði vegna húsaleigu.
- Sveitarfélögin veita mismunandi mikla þjónustu.

AÐ LOKUM

Eftir yfirferð fyrrgreindra spurninga og hugsanlegra svara er mjög líklegt að fjöldi nýrra spurninga vakni. Þær lykiltölur sem eru settar fram í bókinni leiða fyrst og fremst í ljós kostnaðargreiningu og þá þætti sem hægt er að mæla á þann hátt.

Í framhaldi af þessu er eðlilegt að bera m.a. fram eftirfarandi spurningar:

- Hvernig er hægt að leggja mat á gæði þjónustunnar og það gagn sem íbúarnir hafa af þeirri þjónustu sem þeim stendur til boða. Er niðurstaða þess í samræmi við þau markmið sem sveitarfélagið hefur sett sér í þessum efnum?
- Er þjónustustig í hlutfalli við þann kostnað sem það kostar sveitarfélagið að veita þjónustuna?

Síðan er hægt að leiða umræðuna áfram og spyrja sem svo:

- Hvað er hægt að læra af öðrum sveitarfélögum og hvað hafa einstök sveitarfélög fram að færa sem önnur geta dregið lærdóm af?

Tafla 5. Samantekt 2012

	Landið allt		Reykjavíkurborg	
	321.857	321.857	119.764	119.764
	Sveitarsj.	Samantekin reikningsskil	Sveitarsj.	Samantekin reikningsskil
Rekstrarreikningur (í þús.kr.)				
Skatttekjur án Jöfnunarsjóðs	147.688.802	146.779.900	56.900.507	56.447.239
Framlag Jöfnunarsjóðs	25.622.057	25.622.057	5.119.412	5.119.412
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	33.251.713	106.160.969	11.058.422	58.746.506
Tekjur	206.562.572	278.562.926	73.078.341	120.313.157
Laun og launatengd gjöld	104.042.587	117.368.476	37.407.063	45.721.321
Breyting lífeyrisskuldb.	6.172.447	6.480.719	2.901.315	2.926.561
Annar rekstrarkostnaður	77.515.501	95.130.996	29.247.127	39.014.175
Afskriftir	9.654.264	25.449.190	3.357.411	15.640.780
Gjöld	197.384.799	244.429.381	72.912.916	103.302.837
Rekstrarniðurst. fyrir fjárm.l. og óregl.l.	9.177.773	34.133.545	165.425	17.010.320
Fjármunatekj. og (fjármagnsgj.)	-8.188.059	-36.433.392	-209.127	-21.308.438
Rekstrarniðurstaða fyrir óreglulega liði	989.715	-2.299.846	-43.702	-4.298.118
Óreglulegir liðir	299.847	1.558.806	0	1.601.013
Rekstrarniðurstaða eftir óreglulega liði	1.289.562	-741.040	-43.702	-2.697.105
Efnahagsreikningur (í þús.kr.)				
Varanlegir rekstrarfjármunir	328.533.781	717.272.187	102.167.063	392.966.572
Áhættufjármunir og langtímakröfur	65.572.640	61.430.257	19.444.806	35.951.418
Fastafjármunir	394.106.421	778.702.444	121.611.869	428.917.990
Veltufjármunir	66.178.770	82.789.481	21.510.428	41.951.150
Eignir	460.285.191	861.491.925	143.122.297	470.869.140
Eigið fé	194.745.963	268.252.955	82.308.298	147.930.239
Skuldbindingar	50.481.878	55.577.683	13.031.100	13.894.641
Langtímaskuldir	162.841.228	449.393.134	36.189.156	260.753.675
Skammtímaskuldir	52.216.125	88.268.156	11.593.743	48.290.585
Skuldir án skuldbindinga	215.057.353	537.661.290	47.782.899	309.044.260
Skuldir og skuldbindingar	265.539.231	593.238.973	60.813.999	322.938.901
Skuldir og eigið fé	460.285.193	861.491.927	143.122.297	470.869.140
Sjóðstreymi (í þús.kr.)				
Rekstrarniðurstaða	1.289.561	-741.046	-43.702	-2.697.105
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstr.	22.270.373	50.628.035	7.109.164	26.748.014
Veltufé frá rekstri	20.980.812	51.369.081	7.152.866	29.445.119
Br. á rekstrart. eignum og skuldum	717.329	-408.726	640.402	-452.765
Handbært fé frá (til) rekstri	21.698.141	50.960.355	7.793.268	28.992.354
Fjárfestingarhreyfingar	-13.615.625	-20.218.587	-7.175.109	-9.890.554
Fjármögnunarhreyfingar	-7.549.477	-24.688.691	-651.711	-14.389.446
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	533.039	6.053.077	-33.552	4.712.354

Tafla 5. Samantekt 2012

	Höfuðborgarsvæðið utan Reykjavíkurborgar		Vaxtarsvæði		Önnur sveitarfélög	
	85.911	85.911	71.275	71.275	44.907	44.907
	Sveitarsj.	Samantekin reikningskil	Sveitarsj.	Samantekin reikningskil	Sveitarsj.	Samantekin reikningskil
Rekstrarreikningur (í þús.kr.)						
Skatttekjur án Jöfnunarsjóðs	39.676.809	39.553.573	31.240.460	31.016.047	19.871.026	19.763.041
Framlag Jöfnunarsjóðs	3.949.680	3.949.680	8.662.319	8.662.319	7.890.646	7.890.646
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	7.421.720	11.974.407	8.215.043	23.235.963	6.556.528	12.204.093
Tekjur	51.048.209	55.477.660	48.117.822	62.914.329	34.318.200	39.857.780
Laun og launatengd gjöld	24.977.685	25.284.244	24.537.933	27.820.206	17.119.906	18.542.705
Breyting lífeyrisskuldb.	1.305.847	1.314.960	1.254.472	1.488.955	710.813	750.243
Annar rekstrarkostnaður	17.411.840	18.511.308	17.338.827	22.650.750	13.517.707	14.954.763
Afskriftir	2.495.522	3.178.034	2.553.404	4.449.577	1.247.927	2.180.799
Gjöld	46.190.894	48.288.546	45.684.636	56.409.488	32.596.353	36.428.510
Rekstrarniðurst. fyrir fjárm.l. og óregl.l.	4.857.315	7.189.114	2.433.186	6.504.841	1.721.847	3.429.270
Fjármunatekj. og (fjármagnsgj.)	-5.374.498	-7.498.225	-1.916.469	-5.607.379	-687.965	-2.019.350
Rekstrarniðurstaða fyrir óreglulega liði	-517.183	-309.111	516.717	897.462	1.033.883	1.409.921
Óreglulegir liðir	55.855	43.787	305.748	-18.945	-61.756	-67.049
Rekstrarniðurstaða eftir óreglulega liði	-461.328	-265.324	822.465	878.517	972.127	1.342.872
Efnahagsreikningur (í þús.kr.)						
Varanlegir rekstrarfjármunir	104.256.692	132.536.529	82.123.404	131.056.616	39.986.622	60.712.470
Áhættufjármunir og langtímakröfur	9.161.484	4.354.310	25.790.966	14.598.335	11.175.384	6.526.194
Fastafjármunir	113.418.176	136.890.839	107.914.370	145.654.951	51.162.006	67.238.664
Veltufjármunir	11.137.734	9.356.638	17.042.931	18.936.123	16.487.677	12.545.570
Eignir	124.555.910	146.247.477	124.957.301	164.591.074	67.649.683	79.784.234
Eigið fé	37.490.288	39.128.208	41.082.843	48.745.915	33.864.534	32.448.593
Skuldbindingar	15.914.283	16.140.919	12.405.921	15.345.776	9.130.574	10.196.347
Langtímaskuldir	51.249.976	71.378.494	58.258.000	87.639.174	17.144.096	29.621.791
Skammtímaskuldir	19.901.362	19.599.855	13.210.540	12.860.210	7.510.480	7.517.506
Skuldir án skuldbindinga	71.151.338	90.978.349	71.468.540	100.499.384	24.654.576	37.139.297
Skuldir og skuldbindingar	87.065.621	107.119.268	83.874.461	115.845.160	33.785.150	47.335.644
Skuldir og eigið fé	124.555.909	146.247.476	124.957.304	164.591.075	67.649.683	79.784.236
Sjóðstreymi (í þús.kr.)						
Rekstrarniðurstaða	-461.328	-265.325	822.465	878.517	972.126	1.342.867
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstr.	5.633.502	7.826.904	5.329.655	9.630.047	4.198.052	6.423.070
Veltufé frá rekstri	6.094.830	8.092.229	4.507.190	8.751.530	3.225.926	5.080.203
Br. á rekstrart. eignum og skuldum	244.288	272.693	-287.295	-223.956	119.934	-4.698
Handbært fé frá (til) rekstri	6.339.118	8.364.922	4.219.895	8.527.574	3.345.860	5.075.505
Fjárfestingarhreyfingar	-3.512.789	-5.133.412	-988.891	-2.807.827	-1.938.836	-2.386.794
Fjármögnunarhreyfingar	-2.867.651	-3.421.222	-2.545.266	-4.551.791	-1.484.849	-2.326.232
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	-41.322	-189.712	685.738	1.167.956	-77.825	362.479

Tafla 6. Rekstrarýfirlit sveitarsjóða, landið allt

	Heildar- tekjur	Laun og launat. gjöld	Breyting lífeyrisskuld.	Annar rekstrar-kostn.	Afskriftir	Gjöld samtals	Fjármunatekj./ (fjármagnsgj.)	Óreglulegir líðir	Niðurstaða
<i>í þús. kr.</i>									
Útsvör	120.720.219								120.720.219
Fasteignaskattur	27.032.883								27.032.883
Framlög úr Jöfnuarsjóði	25.069.683								25.069.683
Aðrar tekjur með skattalagildi	3.260.138								3.260.138
Skatttekjur	176.082.923								176.082.923
Félagþjónusta	7.873.473	16.956.691		21.384.577		38.341.268			-30.467.796
Heilbrigðismál	1.124.495	901.381		436.372		1.337.753			-213.258
Fræðslu- og uppeldismál	10.617.783	61.147.403		40.123.873		101.271.276			-90.653.493
Menningarmál	1.268.023	2.503.232		6.579.941		9.083.172			-7.815.149
Æskulyðs- og íþróttamál	6.319.671	7.183.429		18.371.232		25.554.661			-19.234.991
Brunamál og almannavarnir	450.169	750.103		2.094.385		2.844.488			-2.394.319
Hreinlætismál	3.456.110	516.220		3.691.252		4.207.472			-751.362
Skipulags- og byggingamál	903.695	1.338.111		1.536.910		2.875.021			-1.971.327
Umferðar- og samgöngumál	553.566	162.010		10.631.644		10.793.654			-10.240.088
Umhverfismál	385.109	1.057.586		2.140.175		3.197.761			-2.812.653
Atvinnumál	726.284	1.046.977		1.164.638		2.211.614			-1.485.331
Framlög til B-hluta fyrirtækja	4.829			291.373					286.544
Sameiginlegur kostnaður	3.225.106	7.590.036		7.218.141		14.808.177			-11.583.071
Breyting lífeyrisskuldbindinga			5.886.030						-5.886.030
Óvenjulegir líðir								720.908	720.908
Fjármagnslíðir							14.664.600		14.664.600
Aðalsjóður	212.991.235	101.153.179	5.886.030	115.664.513	0	216.526.319	14.664.600	720.908	6.246.109
Aðrir sjóðir A-hluta og millivíðskipti	-6.428.663	2.889.408	286.417	-38.149.012	9.654.264	-19.141.520	-22.852.659	-421.061	-4.956.548
Rekstur sveitarsjóða samtals	206.562.572	104.042.587	6.172.447	77.515.501	9.654.264	197.384.799	-8.188.059	299.847	1.289.562

Tafla 7. Heildaryfirlit 2006-2012

Rekstrarreikningur (A hluti)

/ þús kr. á verðlagi hvers árs

	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Skatttekjur án Jöfnunarsjóðs	96.665.642	111.918.366	124.494.603	127.468.440	126.325.560	138.368.570	147.688.802
